

ALDA BJÖRK VALDIMARSDÓTTIR

„Ég heyrði það sem þú segir“

Samliðan sem pólitísk og félagsleg stýring

Palli fær engan frið í heiminum
–líf hans fer fram í hópum

Hópum sem blaðra og hópum sem skoða
hópum sem bjarga fólki úr voða [...]

Ísak Harðarson,
„Um Alheimssamband Palla“⁴¹

„Stærsti skorturinn í samfélagi okkar og heiminum öllum er skortur á samliðan. Það er mikil þörf fyrir fólk sem getur sett sig í spor annarra og séð heiminn með þeirra augum.“² Á þessa leið komst Barack Obama, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, að orði en í ræðum sínum sem forseti lagði hann mikla áherslu á samliðan (e. *empathy*) sem leið til þess að tengjast minnihlutahópum og skilja þá, hvort sem um væri að ræða innflytjendur, konur, svarta, samkynhneigða eða fátæka. Helsti vandi stjórnmalanna væri þessi skortur á samliðan. „Það er kominn tími til þess að samliðan fari að vera hluti af stjórnmalunum okkar“, sagði hann líka. Samliðan sé mannkostur sem geti breytt heiminum til hins betra.³

¹ Ritstjóra *Ritsins* og nafnlausum ritrýnum er þakkað fyrir góðar athugasemdir.

² Barack Obama, ræða flutt 27. júlí 2007, sjá bút af ræðunni hér: <https://www.youtube.com/watch?v=LGHbbJ5xz3g>. Sótt 21. júlí 2022. [„The biggest deficit that we have in our society and in the world right now is an empathy deficit. We are in great need of people being able to stand in somebody else’s shoes and see the world through their eyes.“]

³ Barack Obama, ræða flutt 4. desember 2006 fyrir K.I.D.S./Fashion Delivers, sjá bút hér: https://www.youtube.com/watch?v=4md_A059JRc. Sótt 21. júlí 2022.



Samlíðan er sá hæfileiki að geta ímyndað sér aðstæður annarra og upplifa að ákveðnu marki það sama og aðrir finna. Venjulega er talað um tvennskonar samlíðan. Tilfinningalega samlíðan (e. *emotional empathy*) og vitsmunalega samlíðan (e. *cognitive empathy*).⁴ Tilfinningaleg samlíðan er það sem við nefnum iðulega samlíðan og snýst um að setja sig í spor annarra, það er að spegla tilfinningar annarrar manneskju.⁵ Slík samlíðan felur í sér hermihvöt. Tilfinningarnar koma yfir þig ósjálfrátt, jafnvel stjórnlaust. Við göngum kannski framhjá betlara og óþægileg kennd grípur um sig innra með okkur, við geispum þegar aðrir geispa og okkur líður illa í hálsinum þegar öðrum svelt á, við fyllumst löngunar til að sparka þegar við horfum á fótboltaleik, við grátum þegar aðrir gráta og gleðjumst þegar aðrir gleðjast.

Vitsmunaleg samlíðan felst í getunni að skilja hvað gerist í höfðinu á fólki, hvað knýr það áfram, hvað vekur upp gleði eða sársauka með persónunni, hvað henni finnst niðurlægjandi eða göfugt. Hún snýst ekki um speglun á tilfinningum heldur um að skilja manneskjuna. Þessi tegund af samlíðan er afskaplega mikilvæg því við þurfum að beita henni í alls kyns störfum og notum hana einnig í persónulegum samskiptum. Slík samlíðan snýst um að skilja en ekki að finna.

Paul Bloom, sem er prófessor í sálfræði við Toronto-háskóla, hefur verið gagnrýninn á það hvernig samlíðan hefur í samtímaumræðunni verið séð sem lausn á öllum félagslegum vandamálum. Í bók sinni *Against Empathy* bendir hann til dæmis á að þegar komi að lögregluofbeldinu sem beinist að svörtum Bandaríkjamönnum sé skorturinn á samlíðan talinn vera vandamálið og lausnin felist þá í meiri samlíðan.⁶ Að sama skapi megi sjá þá hugsun að ef við viljum auka á umburðarlyndi okkar gagnvart fötluðu fólki þurfum við að beita samlíðan. Aukin samlíðan sé þannig töframeðalið sem geri okkur siðlegri. Samlíðan geri það að verkum að við komum fram við aðra eins og við myndum koma fram við okkur sjálf og þannig verðum við minna sjálfmiðuð.

Bloom veltir því fyrir sér hvort samlíðan sé hentugt siðferðistól og gagnrýnir meðal annars breska sálfræðinginn Simon Baron-Cohen fyrir að halda

⁴ Sjá Bergljót Kristjánsdóttir og Guðrún Steinþórsdóttir, „„Samkennd er ... stundum kölluð samlíðun.“ Um þýðingar á ýmsum erlendum fræðiorðum“, *Skírnir* vor/2016, bls. 91–107, hér bls. 101.

⁵ Sjá frekari skilgreiningu á samlíðan hjá Guðrúnu Steinþórsdóttur, *Raunveruleiki bugans er ævintýri. Um valdar sögur Vigdísar Grímsdóttur, einkenni þeirra og viðtökur*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2021, bls. 52–53.

⁶ Paul Bloom, *Against Empathy. The Case for Rational Compassion*, London: Vintage, 2016, bls. 19–20.

því fram að illska sé samlíðunarroff.⁷ Vandinn við samlíðan að mati Blooms er sú að hún dregur athygli okkar að ákveðnu fólki hér og nú og oft er það fólk sem stendur okkur nálægt. Okkur þykir vænna um fólk sem við sýnum samlíðan og við getum ekki sýnt öllum samlíðan. Þannig verðum við hlutdræg í dómum okkar sem getur haft slæmar afleiðingar, gert okkur ónæg fyrir langtímáhrifum gjörða okkar og blindað okkur fyrir sársauka þeirra sem við finnum ekki til samlíðunar með. Samlíðan sé þannig alltaf hlutdræg og ýti undir þröngsýni og rasisma. Hún sé í eðli sínu skammsýn og hvetji okkur til þess að bregðast við vandamálum með skammtímalausnum sem taki einstaklinginn fram yfir hópinn og hafi tragískar afleiðingar til langtíma. Hún geti orsakað ofbeldi vegna þess að samlíðan okkar með þeim sem standi okkur nálægt geti á sama tíma búið til öflugra ástæðu fyrir því að heyja stríð eða fremja grimmdarverk gagnvart öðrum sem eru utan hópsins. Þá er hún eyðandi í persónulegum samböndum því hún gerir okkur örmagna og getur minnkað getu okkar til að sýna ást og gæsku. Bloom segir að við getum ekki lifað í heimi án samlíðunar eða án reiði, smánunar eða haturs. Það sé heldur ekki eftirsóknarvert að lifa í slíkum heimi en við verðum að skapa menningu þar sem þessum kenndum er komið fyrir á viðeigandi stað.⁸

Þessar hugmyndir eru í sjálfu sér ekki nýjar af nálinni eins og Susan Lanzoni rekur í *Empathy*, yfirlitsriti sínu um sögu samlíðunarhugtaksins, en hún ræðir meðal annars töluvert um hugmyndir E. E. Southard (1876–1920) í tengslum við geðfélagsfræði (e. *psycho-sociology*).⁹ Southard trúði því að samlíðan væri vefur sambanda þar sem kæmu saman alls kyns heimspækileg hugtök. Samlíðan mætti skoða í tengslum við andatru, aleindar hugleiðingar Leibniz (e. *monad*), kenningar um galdra, náttúrutilbeiðslu, skurðgoðadýrk-

⁷ Simon Baron Cohen segir í bók sinni *The Science of Evil. On Empathy and the Origins of Cruelty*, að hann hafi áhuga á því að skipta út hugmyndinni „illska“ fyrir hugtakið „samlíðunarroff“. Samlíðunarroff geti myndast vegna eyðandi tilfinninga, líkt og biturrar gremju, langana til að hefna sín, haturs sem blindar eða þrá til að vernda. Sjá *The Science of Evil*, New York: Basic Books, 2011, bls. 7.

⁸ Paul Bloom, *Against Empathy. The Case for Rational Compassion*, London: Vintage, 2016, bls. 9.

⁹ Southard var taugageðlæknir og prófessor sem rannsakaði yfir 500 hundruð heila í kringum 1912 á geðsjúkrahúsi í Boston. 1918 skrifaði hann um samlíðan og benti á að hún væri leið til þess að máta sig við viðföng eða annað fólk. Hann lagði áherslu á hreyfimyndina og færði rök fyrir því að slíkar ímyndir gerðu fólki kleift að að átta sig á sér sjálfum í öðrum manneskjum, kynþáttum, jafnvel dýrum eða lífvana hlutum. Sjá Susan Lanzoni, *Empathy*, New Haven/London: Yale University Press, 2018, bls. 103 og 104. Sjá einnig E.E. Southard, „The Empathic Index in the Diagnosis of Mental Diseases“, *The Journal of Abnormal Psychology* 13: 4/1918, bls. 199–214, hér bls. 201.

un, sjálfshyggju (e. *solipsism*), algyðistrú og manngervingu. Hún væri einnig tengd sjálfsdýrkun (e. *narcissism*) Freuds þar sem maður les sjálfan sig inn í hluti og aðra. Samlíðan var í kenningakerfi Southards skilin frá samúð (e. *sympathy*). Með samúð líður manneskjan með annarri manneskju en að mati hans var sú sem fann til samúðar jafnframt að einhverju leyti æðra sett í samskiptunum. Samlíðan var mun flóknara fyrirbæri því að þar verður einstaklingurinn að „þýða sjálfan sig“ yfir í aðra. Að mati Southard er þar fremur um vitsmunalegt ferli að ræða en andlegt og krefst þess að manneskjan ímyndi sér á meðvitaðan hátt aðstæðurnar. Slíkt getur verið erfitt, sérstaklega þegar kemur að grimmilegum atburðum líkt og þeim sem gerast á vígvelli. Southard segir flest okkar ekki hafa minningar sem dugi til þess að draga fram slíkt ímyndunarafi.¹⁰ Að mati Susan Lanzoni taldi Southard að samlíðan væri sjálfhverf, narsissísk hugmynd þar sem einstaklingurinn uppgötvar sjálfan sig í hlutum eða í öðrum.¹¹ Af þessu er ljóst að strax í upphafi síðustu aldar voru settar fram kenningar sem drógu í efa siðferðisþunga samlíðunarhugtaksins sem stingur í stúf við ráðandi hugsunarhátt í nútímanum.¹²

Á næstu síðum tek ég fyrir tvö dæmi um samlíðan úr samtíma okkar, annað erlent þar sem viðfangsefnið er umræðan um Donald Trump, fyrrverandi Bandaríkjaforseta, og hitt innlent og snýr að samlíðan og fötlunarfóðum. Tilgangurinn er ekki sá að skrifa gegn samlíðan, heldur fremur að benda á hættur sem felast í gagnrýnislausri upphafningu hugtaksins, sem getur bæði verið notað til góðs og illis, eins og ég vona að neðangreind dæmi sýni fram á.

Er Donald Trump sérfræðingur í samlíðan?

Það kemur líklega fáum á óvart hversu oft samlíðan var rædd í fjölmiðlum á þeim árum sem Donald Trump var forseti Bandaríkjanna. Greinar eftir greinar voru skrifaðar þar sem lýst var yfir áhyggjum af því hvernig komið

¹⁰ Susan Lanzoni, *Empathy*, bls. 105.

¹¹ Sama heimild, bls. 106.

¹² Samtímamaður Southard, freudíski sálgreinandi Abraham A. Brill (1874–1948), sá einnig samlíðan sem speglun og útskýrði það á þann veg að samlíðan fremur en samúð fælist í því að finna fyrir hlut á þann hátt að þú færðir hann inn í þig. Samlíðan gerir það að verkum að hópi sem horfir á bardaga finnst hann taka þátt í honum með mönnum í hringnum. Brill sagði: „Segðu mér hver samlíðunarskráin (e. *index*) þín er og ég mun segja þér hver þú ert“. Sjá meðal annars Susan Lanzoni, *Empathy*, bls. 108–109. Sjá einnig Abraham A. Brill, „The Empathic Index and Personality“, *Medical Record. A Weekly Journal of Medicine and Surgery* 97: 4/1920, bls. 131–134, hér bls. 134.

væri fyrir bandarísku þjóðinni og heiminum öllum og sú skýring gefin fyrir hegðun Trumps að hann skorti samlíðan. Á þeim nótum ræðir rithöfundurinn og aðgerðarsinninn Dave Eggers um „hryllinginn“ í innflytjendastefnu Trumps og hversu mikilvægt það sé að minna börn á gildi lýðræðisins. Það sé gert með því að finna fyrir samlíðan með þeim sem þjást. Aðgerðir Trumps geri það að verkum að við upplifum nú „fordæmislausar árásir ríkisins á samlíðan“.¹³

Eggers trúir því bersýnilega að lykillinn að því að treysta lýðræðisvitundina sé að efla samlíðan. Kokkurinn José Anders sem gaf tíu þúsund fórnarlömbum fellibylsins Florence í Norður Karólínu máltíðir árið 2018, var á sama hátt spurður að því hvað honum fyndist um Trump og hann svararði: „Ég held að 51 prósent af því sem skapi leiðtoga sé samlíðan. Og ég held við þurfum öll að aðstoða hann við að öðlast samlíðan vegna þess að það er hluti af hæfileikanum sem mótar leiðtoga.“ Blaðamaðurinn tekur undir þetta sjónarmið og segir Anders hafa rétt fyrir sér. „Samlíðan ætti að vera verkefni númer eitt í kennslufræði Hvíta hússins.“¹⁴

Þá var töluvert rætt um samlíðunarskort þáverandi forsetaframbjóðandans þegar hann brást við ræðu Bandaríkjamannanna Khizr og Ghalaza Khan, sem eru af pakistönskum ættum, en hjónin öðluðust frægð þegar þau gagnrýndu Trump á flokksþingi demókrata sumarið 2016. Efni ræðu þeirra snerist um það loforð forsetaefnisins að standa fyrir hertum aðgerðum í innflytjendamálum sem átti sérstaklega að beina að múslimum en sonur Khan-hjónanna, sem hafði verið yfirmaður í bandaríska hernum, féll í stríðinu í Írak árið 2004. Blaðamaðurinn Lea Grover lýsti hegðun Trumps svo að hún einkenndist af algjörum samlíðunarskort: „Hann getur ekki fundið til með neinni manneskju“. Í svörum sínum við gagnrýninni hafi Trump sannað að það vantaði í hann alla mennsku. Trump nýtti sér það hvernig Khizr hafði orðið í ræðunni á meðan Ghalaza stóð þögn við hlið eiginmanns síns, því

¹³ Ryan Bort, „A Conversation With Dave Eggers About Trump and the American Empathy Void“, *Rolling Stone*, 21. september 2018, sótt 22. júlí 2022 af <https://www.rollingstone.com/politics/politics-features/dave-eggers-trump-720729/>: „We are experiencing an unprecedented national attack on empathy.“

¹⁴ Chris Jones, „Can a chef teach President Trump empathy?“, *Chicago Tribune*, 21. september, 2018, sótt 22. júlí 2022 af <https://www.chicagotribune.com/entertainment/theater/ct-ent-andres-power-of-arts-empathy-0923-story.html>: „I think 51 percent of a leader is empathy. And I think we all need to help him to gain some empathy because that’s part of leadership [...] Empathy should be job one in the White House pedagogy department.“

hann sagði: „Mér þætti vænt um að kona hans segði eitthvað“.¹⁵ Á þann hátt réðist hann að mati Grover að syrgjandi móðurinni.¹⁶

Leikkonan Jane Fonda kom með óvenjulegri nálgun á vandamálið í útvarpsþætti *Politico's Women Rule* frá 2018 en hún sagði að við yrðum að sýna Trump samlíðan. Trump hegðði sér á þennan hátt vegna þess að hann sé „særður“ og „hafi orðið fyrir áfalli“ sem eigi sér rætur í uppeldi hans. Það sé hægt að hata það sem hann gerir en við „verðum að elska hann“. Slík samlíðan verði einnig að ná til þeirra sem kusu hann. Það hafi verið auðvelt að sannfæra kjósendur forsetans um gildi orða hans vegna þess að þeir „trúi á yfirráð hvíta kynstofnsins“ (e. *white supremacist*).¹⁷ Fonda leggur til að ekki sé hjólað í manninn eða kjósendur hans heldur reynt að sýna þeim samúð og samlíðan, í þeim tilgangi að sameina og öðlast skilning. Aðeins þannig sé hægt að ná einhverjum árangri og þoka málefnum áfram. Fonda telur að slík vitsmunaleg samlíðan gæti gagnast í pólitískri umræðu til þess að auka skilning á því hvers vegna fólk kys það sem það kys og setja sig í spor pólitískra andstæðinga. Ekki sé heldur um að ræða að upplifa eða spegla sársaukann sem önnur manneskja finni fyrir heldur að skilja að manneskjan þjáist.¹⁸

Hér má sjá hvernig ólíkt fólk stekkur á samlíðunarhugtakið eins og það sé nokkurs konar töfraaðferð þegar kemur að því að uppræta það vonða í heiminum, heildarlausn á þeim vandamálum sem við stöndum frammi fyrir, hvort sem þau eru af persónulegum toga eða pólitískum. Hafa ber í huga að vitsmunaleg samlíðan, getan að skilja hvað er að gerast í höfðinu á fólki, hvað

¹⁵ Lea Grover, „Donald Trump's Bigges Flaw Revealed. A Complete Lack of Empathy“, *Scary Mommy*, 8. júlí 2016, sótt 22. júlí 2022 af <https://www.scarymommy.com/trump-attacks-parents-of-fallen-soldier/>.

¹⁶ Grover kys að horfa í gagnrýni sinni fram hjá inntakinu í svari Trumps sem gefur þar til kynna að Ghalaza sé kúguð eiginkona múslima. Andfemínistanum Trump er eins og svo mörgum skoðanasystkinum hans annt um réttindi kvenna þegar umræðan snýst um íslam.

¹⁷ Michael Burke, „Jane Fonda on Trump. „You have to have empathy for him““, *The Hill*, 26. september, 2018, sótt 23. júlí 2022 af <https://thehill.com/blogs/in-the-know/in-the-know/408581-jane-fonda-on-trump-you-have-to-have-empathy-for-him/>.

¹⁸ Simon Baron Cohen hefur meðal annars rannsakað heilastarfsemi þeirra sem eru á einhverfurófinu en þeir hafa litla samlíðunargetu. Einhverfir einstaklingar búa yfir lítilli hugrænni samlíðan og eiga erfitt með að skilja hvatir eða ásetning annarra persóna, lesa andlitstjáningu eða ímynda sér hvað aðrir eru að hugsa og finna, eða skilja kaldhæðni. Þetta merkir þó ekki að þeim sé sama um aðra eða hafi ekki getu til að finna til með öðrum. Cohen leggur einnig áherslu á að slíkir einstaklingar hafi ekki aukna tilhneigingu til þess að kúga eða beita aðra ofbeldi og þeir geri skýran greinarmun á réttu og röngu, fölsku og sönnu. Þeir sjái ekki veruleikann í gráum litum. Sjá Simon Baron Cohen, *The Science of Evil. On Empathy and the Origins of Cruelty*, bls. 100–116.

knýr fólk áfram, veitir einstaklingum gleði eða vekur upp sársauka hlýtur að teljast mjög mikilvægt hjálpartæki í alls kyns störfum, og nefnir Paul Bloom sérstaklega sem dæmi starfsemi dómstóla, alls kyns umönnunarstörf og persónuleg samskipti.

Þó má ekki gleyma því að einnig er hægt að misnota jákvæða eiginleika eins og vitsmunalega samlíðan og hún getur verið varasöm leið til þess að gera góðverk. Eins og Bloom bendir á er sá mannkostur að kunna að lesa á réttan hátt í þrár og hvatir annarra einnig sú geta sem farsæll siðblindingi (síköpati) hrósar sér af, því að hægt sé að nýta sér skilning á áhrifum samlíðunar til þess að arðræna eða vinna grimmdarverk.¹⁹ Ýmsar hættur felist í því þegar skilningur á hugarfari annarra sé skilinn frá öflugu siðferðis-skyni. Svindlarar, tælarar, pyntarar og kúgarar hafa allir oft og tíðum mikla og djúpa vitsmunalega samlíðan. Þeir eru leiknir í því að skilja hvað knýr fólk áfram. Það er einmitt þess vegna sem þeim gengur vel í að ná tökum á einstaklingunum í umhverfi sínu, skynja veikleikana í persónuleika þeirra og leggja fólk í einelti. Og manneskjur sem eru með litla félagslega færni og/ eða myndu skora lágt í vitsmunalegri samlíðan eru oftast en ekki fórnarlömb kúgarans. Í röngum höndum getur vitsmunaleg samlíðan á þennan hátt haft í för sér ofbeldi.²⁰

Heather D. Battaly er á svipuðum slóðum í greininni „Is Empathy a Virtue?“ Þar veltir hún því fyrir sér hvort samlíðan sé eiginleiki sem geri okkur siðferðilega dyggðug. Hún kemst meðal annars að þeirri niðurstöðu að samlíðan sé ekki dyggð í sjálfu sér.²¹ Þegar samlíðan felist í því að deila með öðrum þá finni manneskjan einvörðungu til samlíðunar þegar viðfangið búi við svipað hugarástand og hún. Samlíðan sé ferli sem skapi sameiginlegt hugarástand, um sé að ræða hugræn ítök, trú eða þekkingu á hugarástandi hins.²² Hún vitnar í William Ickes sem segir að hægt sé að nota „hár-nákvæma samlíðan“ jafn mikið til þess að skaða og til að hjálpa. Hún geti verið jafn eðlislæg sadisma pyntarans og óeigingirni hjúkrunarfræðingsins. Mikilvægt sé einnig að hafa í huga að við getum ruglað samlíðan saman við siðferðilegar dyggðir á borð við góðvild og vitsmunalegar dyggðir á borð við hleypidómaleysi.²³

¹⁹ Paul Bloom, *Against Empathy. The Case for Rational Compassion*, bls. 3.

²⁰ Sama heimild, bls. 36–37.

²¹ Heather D. Battaly, „Is Empathy A Virtue?“, *Empathy. Philosophical and Psychological Perspective*, ritstjórar Amy Coplan og Peter Goldie, Oxford: Oxford University Press, 2011, bls. 277–301, hér bls. 278.

²² Sama heimild, bls. 282 og 285.

²³ Sama heimild, bls. 287.

Donald Trump er gott dæmi um stjórnámamann sem eflir tilfinningalegu samlíðanina í þeim hópum sem kjósendur hans tilheyrja með því að ýta undir hópsamsömun (e. *group identification*) og sundrunu en hann etur iðulega saman hvítu fólki og ólöglegum (brúnum) innflytjendum. Það leiðir síðan til þess að hvítt fólk á mun auðveldara með að setja sig í spor hvíttra fórnarlamba sem elur á óvild í garð úthópsins. Hann nýtir sér með þessum hætti skilning sinn á vitsmunalegri samlíðan til þess að hafa áhrif á kjósendur sína, til þess að egna þá, reita til reiði, sameina, vekja upp viðbjóð og andstyggð á öðrum, sérstaklega minnihlutahópum. Þegar ólöglegur innflytjandi frá Mexíkó, Cristhian Bahena Rivera, var ákærður fyrir morð á bandarískum háskólanema, ungri konu, Mollie Tibbetts, notaði Trump tækifærið til að vekja máls á veikum innflytjendalögum. Hann vakti upp samlíðan með fórnarlambinu og reyndi um leið að ýfa upp ótta gegn innflytjendum og fékk til þess aðstoð frá háttsettum embættismönnum. Tibbetts var frá Kaliforníu og stundaði nám í University of Iowa þar sem hún var myrt í júlí 2018. Í ágúst 2021 var Rivera dæmdur í ævilangt fangelsi án reynslulausnar. Opinbera tilkynningin frá Hvíta húsinu hljómaði þannig: „Í 34 daga hafa rannsóknarmenn leitað að hinni 20 ára gömlu Mollie Tibbetts. Í gær, leiddi ólöglegur útlendingur lögregluna að kornakrinum þar sem lík hennar fannst. Tibbetts-fjölskyldan hefur verið aðskilin til frambúðar. Hún er ekki sú eina.“²⁴

Blaðamaðurinn Dara Lind segir að Trump hafi notað Tibbetts-fjölskylduna, gegn vilja þeirra, til þess að vinna pólitískum málstað sínum fylgi og styrkja herferð sína gegn innflytjendum. Slíkri tilkynningu frá Hvíta húsinu sé ætlað að taka undir þá mælskufræði Trumps að „margir innflytjendur, sérstaklega ólöglegir innflytjendur, [séu] glæpamenn sem [vilji] drepa þig.“²⁵

Orðræðan sem Trump notar er til þess fallin að vekja upp andúð með innflytjendum, skapa aukna fjarlægð og minna á sársauka fjölskyldu Tibbetts en lögð er áhersla á að svona tilfelli séu mörg. Trump sagði einnig vegna málsins: „Í dag heyrðuð þið um ólöglegu útlendingana (e. *alien*) sem koma hingað því miður frá Mexíkó og þið sáuð hvað kom fyrir þessa ótrúlegu, fallegu, ungu konu. Hefði aldrei átt að gerast. Ólöglegur í landinu okkar.“²⁶

²⁴ Sjá Dara Lind, „Mollie Tibbetts’s family doesn’t want her death politicized. Trump is doing it anyway,“ *Vox*, 22. ágúst 2018, sótt 23. júlí 2022 af <https://www.vox.com/2018/8/22/17770164/mollie-tibbetts-murder-illegal-trump-tweet/>.

²⁵ Sama heimild.

²⁶ Sjá umfjöllun Jay Nordlinger, „Two Corpses in Iowa,“ *National Review*, 23. september, 2018, sótt 23. júlí 2022 af <https://www.nationalreview.com/corner/two-corpses-in-iowa/>: „You heard about today with the illegal alien coming in, very sadly, from Mexico and you saw what happened to that incredible, beautiful young woman.

Trump nefnir þann sem var ákærður fyrir morðið aldrei á nafn, hann er aðeins ólöglegur aðkomumaður og þannig er sköpuð fjarlægð við „heimamenn“. Meintur morðinginn er ekki einn af okkur og er framandi í okkar samfélagi. Aftur á móti er nafn fórnarlambins ítrekað dregið fram og myndir af því birtar í fjölmiðlum. Hún hét Mollie og áhersla er lögð á útlit hennar og persónuleika. Hún var „ótrúleg“, „fögur“ og „ung“.²⁷ Mollie er „ein af okkur“ á meðan hinn ólöglegi kemur frá Mexíkó.

Hér má minna á þau orð Pauls Bloom að samlíðan sé kastljós, hún beini athygli okkar að einstaklingum með söguna á bak við sig og þeim sem tilheyra okkur en geti gert okkur blind á nafnlausu hópinn. Vandamál fjöldans séu ekki raunveruleg, áberandi eða áþreifanleg. Þegar komi að tilfinningalífi okkar þá virðist stórir samfélagshópar ekki skipta miklu máli. Við séum miklu líklegri til þess að gera góðverk ef við fáum að vita nöfn, heyra persónulega sögu einstaklinganna og sjáum myndir af þeim.²⁸ Þær aðstæður geta því skapast í huga okkar að sársauki einnar manneskju skipti meira máli en sársauki þúsunda. Samlíðan horfir þannig á einstaklinginn en ekki fjöldann. Hún ýtir jafnvel undir grimmdarverk á ógnartímum vegna þess að samlíðanin með þeim sem eru í okkar liði getur haft það í för með sér að við leitum að leiðum til að hefna, refsfa, fara í stríð eða beita þá ofbeldi sem við teljum hafa brotið á okkar fólki. Dýrafræðingurinn Frans de Waal, sem er mikill stuðningsmaður samlíðunar og notar hana til þess að rannsaka hátt-

Should've never happened. Illegally in our country.“ Enska orðið „alien“ ýtir enn frekar undir framandleikann sem sveipar Rivera, auk þess sem hann er skilgreindur sem rándýr. Þannig má sjá tilraun til afmennskunar á ólöglegum innflytjendum.

²⁷ Ríkisstjóri Iowa, Kim Reynold, sagði um málið stuttu eftir að Rivera var handtekinn: „Það vekur með okkur reiði að ónýtt innflytjendakerfi skuli gera svona rándýri það kleift að lifa í samfélagi okkar og við munum gera allt sem við getum til þess að tryggja að réttlætið nái fram að ganga í máli morðingja Mollíar.“ [„We are angry that a broken immigration system allowed a predator like this to live in our community, and we will do all we can to bring justice to Mollie’s killer.“] Sjá *The Los Angeles Times*, „White Supremacist Group Making Robocalls About Death of Iowa College Student“, 31. ágúst 2018, sótt 23. júlí 2022 af <https://www.latimes.com/nation/la-na-white-supremacist-robocalls-20180831-story.html/>.

²⁸ Paul Bloom, *Against Empathy. The Case for Rational Compassion*, bls. 86–87. Bloom bregst meðal annars við fjölda kenninga um að samlíðan geri það að verkum að við séum betri við annað fólk. Hann vitnar í rannsókn C. Daniel Batson en niðurstöður hans bendi ekki til þess að samlíðan sé merki um óeigingirni. Batson hefur sagt að samlíðan sé hvorki síðleg né ósíðleg heldur verði ekki metin á síðferðilegum mælikvarða (e. *moral*). Sjá C. Daniel Batson o.fl., „Immorality from Empathy-Induced Altruism. When Compassion and Justice Conflict“, *Journal of Personality and Social Psychology* 68, 1995, bls. 1042–1054, hér bls. 1043.

erni dýra, áréttar af þessum sökum í bók sinni *Mama's Last Hug* að það skipti máli að muna að ekki sé hægt að slíta samlíðan í sundur frá grimmd. Þetta megi glögglega sjá hjá manninum sem tegund sem sé bæði góðgjarnasta og illgjarnasta dýrið á jörðinni. Í þessu felist engin mótsögn vegna þess að „væntumþykja og grimmd eru tvær hliðar á sama peningi“.²⁹

Stjórnmalastíll Trumps hefur leitt til þess að sumir segja hann vera samlíðunarmeistara sem er áhugavert ef höfð er í huga umfjöllunin hér að ofan, þar sem vandamálið við fyrrverandi forsetann er talið vera samlíðunarskortur. *The Guardian* birti grein um þetta sem heitir: „What if Trump is actually a Master of Emphathy?“ eftir prófessor í sálfræði, Richard A. Friedman.³⁰ Friedman spyr hvort að það geti verið að Trump skorti samúð en mjög margir rugli saman samúð og samlíðan.³¹ Trump hafi mikla samlíðunargetu en hann finni ekki til meðaumkunar með fólki sem líði illa. Friedman segir að þeim stjórnmalámönnum farnist gjarnan betur sem sýni mjög mikla samlíðan. Aðeins þannig finni stuðningsmenn þeirra að á þá sé hlustað. Þetta sé ein af skýringunum fyrir hollustu stuðningsmanna Trumps sem séu margir hverjir „atvinnulausir, reiðir og stressaðir“. Hann leggi áherslu á hræðslu og ógn sem sé miklu öflugri stýringarleið heldur en að setja fram staðreyndir. Hann missi aldrei af tækifæri til þess að minna fylgismenn sína á svokallaða óvini, hvort sem það séu múslimar, eða frjálslyndir fjölmiðlar og dregur fram ógn þeirra. Um leið og hann eykur á hræðslu flokksmanna sinna verði hollusta þeirra við hann að sama skapi meiri.³²

Í þessu samhengi má minna á að Trump virðist vera sér fyllilega meðvit- aður um nauðsyn þess að beita samlíðan í samskiptum við fólk. Á fundi með kennurum og foreldrum sem misstu ástvini eða lifðu af skotárásir í bandarískum skólum tók hann með sér minnispunkta á blaði sem áttu að minna hann á mikilvægi þess að tengjast viðmælendum sínum tilfinningalega. Fyrsti punkturinn hljóðaði svo: „Hvað viltu helst að ég viti um reynslu þína?“ Á þeim næsta stóð: „Hvað getum við gert til þess að auka á öryggistilfinningu þína?“ Og á þeim fimmta stóð einfaldlega: „Ég heyrir það sem þú segir.“³³


²⁹ Frans De Waal, *Mama's Last Hug. Animal Emotions and What They Tell Us about Ourselves*, New York/London: W.W. Norton&Company, 2019, bls. 109.

³⁰ Sjá Richard A. Friedman, „What if Trump is Actually a Master of Emphathy?“, *The Guardian*, 28. nóvember, 2018, sótt 23. júlí 2022 af <https://www.theguardian.com/commentisfree/2017/sep/30/what-if-trump-is-actually-a-master-of-emphathy/>.

³¹ Um muninn á samúð og samlíðan sjá grein Bergljótar Kristjánsdóttur og Guðrúnar Steinþórsdóttur, „„Samkennd er ... stundum kölluð samlíðun.“ Um þýðingar á ýmsum erlendum fræðiorðum“, sjá sérstaklega bls. 92–98.

³² Richard A. Friedman, „What if Trump is Actually a Master of Emphathy?“

³³ Sjá til dæmis Martin Belan, „„I hear you“ – Trump uses cue cards to remind him



Hér má sjá að Trump skilur samlíðan og reynir að beita henni á meðvitaðan hátt því að punktarnir snúast ekki um staðreyndir heldur miðast við það að takast á við líðan þeirra sem hann er að tala við. Hann þarf vissulega að minna sig á að látast finna til með gestum sínum, en augljóst er þó að Trump áttar sig á því að til að viðhalda fylgi sínu þurfa leiðtogar að sýna þeim sem þeir tala við áhuga, skilning og leyfa þeim að tjá sig um líðan sína.³⁴ Það skiptir meira máli heldur en að skilja staðreyndir málsins eða að ræða raunverulegar úrbætur og lausnir á vandanum.

Framganga Trumps sýnir því glögglega hvernig samlíðan getur verið tæki sem hægt er að beita á rangan hátt til að kljúfa samfélagshópa í sundur og skapa hættulega fjarlægingu og að oft á tímum beita valdamiklir leiðtogar slíkum klækjabrögðum til að ná til fólks, stýra því og fá það til að kjósa sig.

to listen to shooting survivors“, 22. febrúar 2018, sótt 24. júlí 2022 af <https://www.theguardian.com/us-news/2018/feb/22/i-hear-you-trump-uses-cue-cards-to-remind-him-to-listen-to-shooting-survivors/>. Á ensku hljómuðu punktarnir svo: „What would you most want me know about your experience?“, „What can we do to help you feel safe?“, „I hear you.“

³⁴ Trump gætti ekki að sér og myndavélarnar fönguðu orðin á minnisspjöldunum sem opinberaði á írónískan hátt tilfinningalega samlíðunarskortinn sem forsetinn vildi fela.

„*Losum okkur við PC*“. *Samlíðunargjáin, tótemtrú og leiðtogar* Mikið er rætt um að pólitískur klofningur hafi aukist á undanförunum árum og að í Bandaríkjunum sé hann orðinn svo djúpstæður að það sé engu líkara en að tvær ólíkar þjóðir búi í landinu.³⁵ Trump notfærir sér þennan klofning og aðkoma hans að stjórnámálum hefur án efa dýpkað hann. Það gerir forsetinn fyrrverandi meðal annars með því að höfða til tilfinningalífs kjósenda sinna, með öðrum orðum notar hann samlíðan til að hreyfa við þeim tilfinningalega. Hugfræðingurinn heimsþekkti George Lakoff telur að þetta sé einkenni leiðtoga sem eru hægra megin í stjórnámálum. Þeir standi nær kjósendum sínum en þeir sem séu til vinstri, hlusti betur á þá og drekki ekki umræðunni í tölfræði, staðreyndum eða pólitík sem sé óaðgengileg.³⁶

Arlie Russell Hochschild, sem var prófessor í félagsfræði við Berkeley-háskóla, skrifaði bókina *Strangers in Their Own Land* eftir að hafa búið í Louisiana í fimm ár og rannsakað hvers vegna aðeins 14% af hvítum kjósendum þaðan úr sveitinni kusu Barack Obama árið 2008. Hún hafði ágætis skilning á vinstri sinnuðum framfarasinnum (e. *liberals*) og aðhyllist skoðanir þeirra en skildi ekki hvað var að gerast á hægri enda stjórnámálanna. Henni lék forvitni á að vita hvernig hægri sinnaðir einstaklingar upplifðu líf sitt og tilveru og vildi fræðast um tilfinningar þeirra, tilfinningarnar sem koma á undan stjórnámalunum.³⁷

„Segja má að ég hafi komið til Louisiana með áhuga á múrum. Ekki sýnilegum, áþreifanlegum múrum líkt og þessum sem greina í sundur kaþólikka og mótmælendur í Belfast, Bandaríkjamenn frá Mexíkóbúum á landamærum Texas eða líkt og forðum daga, íbúa Austur- og Vestur-Berlínar.“³⁸ Hochsc-

³⁵ Sjá til dæmis Levi Boxell, Matthew Gentzkow og Jesse M. Shapiro, „Cross-Country Trends in Affective Polarization“, *National Bureau of Economic Research*, working paper, 26669, jan. 2020/nóv. 2021, sótt 30. nóvember 2022 af <https://www.nber.org/papers/w26669>. Um aukinn klofning í bandarísku samfélagi má til dæmis einnig lesa á heimasíðu Brown-háskóla. Sjá Jill Kamball, „U.S. is polarizing faster than other democracies, study finds“, *Brown*, 21. janúar 2020, sótt 24. júlí 2022 af <https://www.brown.edu/news/2020-01-21/polarization/>.

³⁶ George Lakoff heldur því fram að repúblikanar séu miklu leiknari en demókratar í því að virkja tilfinningar væntanlegra kjósenda sinna með öflugu myndmáli sem styðji við gildismat samtímans. Sjá til dæmis bækur hans *Don't Think of an Elephant! Know Your Values and Frame the Debate*, Chelsea Green Publishing, White River Junction, VT, 2004; og *The Political Mind. A Cognitive Scientist's Guide to Your Brain and its Politics*, New York og London, Penguin Books, 2008.

³⁷ Arlie Russell Hochschild, *Strangers in Their Own Land*, New York/London: The New Press, 2016, bls. ix.

³⁸ Sama heimild, bls. 5.

hild segist hafa áhuga á samlíðunarmúrum en þeir séu það sem hindri djúpan skilning okkar á öðru fólki. Þeir geri það að verkum að okkur sé sama um þá sem eru ólíkir okkur, þá sem hafa önnur viðhorf eða búa við aðrar aðstæður en við þekkjum. Við leitumst eftir því að staðfesta það sem við vitum, það sem við berum þegar kennsl á. Við þurfum því að komast yfir samlíðunarmúrinn til að læra að sjá raunveruleikann með augum þeirra sem tilheyra okkur ekki: „til þess að skilja tengslin á milli lífs, tilfinninga og stjórnmála.“³⁹ Klofningurinn eða gjáin á milli hópanna hefur að mati Hochschild orðið til vegna þess að þeir sem eru til hægri hafa smám saman færst lengra til hægri, en ekki vegna þess að þeir sem eru til vinstri hafi færst lengra til vinstri. Á þetta sérstaklega við um hvíta Bandaríkjamenn sem búa í Suðurríkjunum.⁴⁰ Þeir sem eru til vinstri og þeir sem eru til hægri virðast jafnframt tilheyra ólíkum svæðum þjóðarinnar, næstum eins og þeir séu af mismunandi þjóðernum og hafi tekið upp svo ólík sjónarmið að það minni á stríð á milli landa.⁴¹

Blaðamaður á *The Washington Post* hafði áhuga á þessari svokölluðu samlíðunargjá og ræddi við Hochschild um efnið en einnig um þá kjósendur sem hún rannsakaði en margir af þeim urðu síðar stuðningsmenn Trumps. Hochschild segir í viðtalinu að vinstri og hægri hópar geri enga tilraun til þess að skilja hvor annan, sérstaklega þeir sem séu harðastir í afstöðu sinni. En án skilnings er engin samlíðan og án samlíðunar enginn sameiginlegur þekkingargrunnur (e. *common grounds*).⁴²

Hochschild telur augljóslega að aukin samlíðan sé lausnin út úr vand anum og að fordómar vinstra fólks á þeim sem séu til hægri skapi risastór vandamál. Lausnin sé einfaldlega sú að fólk sýni hvert öðru meiri samlíðan. En getur verið að samlíðan sé frekar vandamálið en útgönguleiðin? Og að hvor hópurinn fyrir sig dæmi hinn vegna þess að hann sé undir áhrifum af þeim tilfinningum sem hópsamlíðanin mótast innra með honum?

Hochschild lýsir því þakklæti sem Suðurríkjabúarnir sýndu henni fyrir að gefa sér tíma til að tala við þá en þeir töldu sig vera stimplaða sem fólk með „kynþátta- og hinseginfordóma, sem aðhyllist kynjamismun og sé feitt.“⁴³

³⁹ Sama heimild, bls. 5.

⁴⁰ Sama heimild, bls. 7, 12 og 207.

⁴¹ Sama heimild, bls. 149.

⁴² Colby Itkowitz, „What is this election missing? Empathy for Trump Voters“, *The Washington Post*, 2. nóvember 2016, sótt 2. maí 2022 af <https://www.washingtonpost.com/news/inspired-life/wp/2016/11/02/what-is-this-election-missing-empathy-for-trump-voters/>.

⁴³ Sama heimild.

Hochschild segir að þessi hópur upplifi sig sem minnihlutahóp, að frjálslýnt fólk dæmdi þá sem menningarsnauða sveitalubba (e. *redneck*). Einn veiðifélagi hennar sagði: „Ég held að leiðtogarnir okkar séu að reyna að skilja okkur í sundur. Ef við bara hittumst myndum við skilja að við eigum miklu meira sameiginlegt en við höldum.“⁴⁴

Greining Hochschild dregur fram fordómna sem fátækir einstaklingar hægra megin í stjórnmálum lýsa í sinn garð. Þeir finna hvernig litið er niður á þá og upplifa djúpstæða andúð frá pólitískum andstæðingum sínum. Áhugavert er að velta því fyrir sér hvort leiðtogar á borð við Trump notfæri sér slíka upplifun til að laða fram reiði, tilfinningu fyrir smánun, skömm sem sameinar hópinn og geri honum um leið kleift að endurheimta tilgangsríka einingu. Á sama tíma verða *þeir* til, *hinir* sem er stillt upp sem andstæðunni og eru hinum megin í pólitík.

Hochschild ræðir hvernig Trump hafi verið frambjóðandi sem notar tilfinningar til þess að ná til fólks. Hann einblíni á að laða fram tilfinningaleg viðbrögð hjá aðdáendum sínum og lofi þá fyrir þau, fremur en að einblína á nákvæmar stjórnmálalegar lýsingar. Ræður hans einkennist af „drottunarhyggju, mannalátum eða upphrópunum (e. *bravado*), einfaldleika (e. *clarity*), þjóðarstolti og sjálfsupphafningu“ og þær laði fram tilfinningasvörun.⁴⁵ Trump leggur sjálfur áherslu á þessa eiginleika sína, þeir séu merki um veltengni hans og gáfur. Hochschild bendir í því samhengi á hvernig hann hæðist að keppinautum sínum fyrir „getuleysi til að skapa áhuga“ og fyrir að „hafa enga orku“. Trump hvetji fólk til dáða sem hafi lengi fundið fyrir skammtilfinningu og veki með því von, gleði og stolt. Þessum einstaklingum finnist ekki lengur eins og þeir séu ókunnugir í sínu eigin landi.⁴⁶

Hochschild vitnar í franska félagsfræðinginn Émile Durkheim sem gerir glaðværð heildarinnar (e. *collective effervescence*) að umfjöllunarefni, en það á við um þann tilfinningalega æsing sem einstaklingar upplifa sem sjá sig sem hluta af siðferðilegum eða líffræðilegum hópi.⁴⁷ Durkheim segir í bók sinni

⁴⁴ Sama heimild.

⁴⁵ Arlie Russell Hochschild, *Strangers in Their Own Land*, bls. 225.

⁴⁶ Sama heimild, bls. 225.

⁴⁷ Þessi geta leiðtogans til þess að vekja upp með fylgjendum sínum glaðværð heildarinnar tengist hugmyndinni um náðarvald (e. *charisma*). Þýski félagsfræðingurinn Max Weber hefur haft gríðarleg áhrif á það hvernig við hugsum um náðarvald. Hann skilgreinir hugtakið sem ákveðna eiginleika persónunnar sem fela í sér að hún sé öðruvísi en hinn venjulegi maður og virðist gædd yfirnáttúrulegum, einstökum eiginleikum og valdi. Weber segir að slíkir einstaklingar sem séu þekktastir innan hins trúarlega samhengis hafi einnig gjarnan verið stríðshetjur til forna eða ein-

Les formes élémentaires de la vie religieuse (e. *The Elementary Forms of Religious Life*) að trúarskoðunum sé alltaf deilt innan ákveðins hóps sem láti þær í ljós og iðki þær með samsvarandi helgisiðum.⁴⁸ Slíkar skoðanir séu ekki aðeins samþykktar af öllum meðlimum hópsins heldur tilheyri hópnum og geri hann að einingu. Einstaklingarnir sem mynda hópinn upplifi sameiningar-tilfinningu vegna sinnar sameiginlegu trúar.

Durkheim lýsir því hvernig stigveldi tilheyri samfélaginu, þar sé að finna einstaklinga sem séu æðri hinum, aðra sem séu undir og líka jafningja. Þessi goggunarröð tilheyri trúarlegri hugsun. Hún gefi til kynna að þeir sem séu flokkaðir innan sama ættflokks (e. *clan*) eða innan sömu fjölskyldu (e. *phratri*) tengist og bindist böndum og eigi sér sameiginlegt tótem sem þjóni hópnum. Þeir tilheyri ákveðnum hópi og greini einstaklingana umhverfis sig annað hvort sem skyldmenni eða skjólstæðinga. Þeir bindist vináttuböndum og finnist eins og þeir tilheyri sama líkama.⁴⁹

Tótem tekur jafnan á sig áþreifanlega mynd og þetta skýra form (sem getur til dæmis verið partur af dýrum eða plöntum) gegnsýrir öll svið samfélagsins og hefur merkingu innan hins sameiginlega ímyndunarafis hópsins. Eina raunverulega viðfang trúarsamfélags (e. *cult*) er orka. Við vitum núna hvað frumbygginn meinar þegar hann segir að meðlimir „Kráku ættarinnar“ (e. *Crow phratri*) séu krákur. Það sem hann á við er að allir heyri þeir undir sama lögmál. Þetta lögmál skilgreinir þá í öllum grundvallaratriðum, því sem hópurinn deilir með dýrunum sem bera sama nafn. Ólíkir kraftarnir sem trúarreglurnar skilgreina gegnsýra (e. *pervade*) lífið innan hópsins og standa fyrir kjarnann og lífslögmálið.⁵⁰ Í ákveðnum tilfellum breytist hópur forfeðra eða stakur forfaðir í tótem og þá er tótemið ekki lengur raunverulegur hlutur, áþreifanleg lífvera, náttúruþyrirbæri eða líkamshluti, heldur stendur fyrir guðlega veru. Bandaríkjamenn hugsa gjarnan um landsfeðurna í þessu samhengi, mennina sem tóku þátt í sjálfstæðisbaráttunni og settu

staklingar sem höfðu lækningamátt eða visku. Weber tengir náðarvaldið „hetjuskap“ hvort sem um meínlátamenn sé að ræða, einstaklinga sem tilheyra hernum, réttarkerfinu eða sviði hins yfirnáttúrulega. Weber fékk hugtakið að láni frá fornkristni sem merkti þá náðargjöf frá Guði. Um sé að ræða leiðtogahæfileika sem Guð gefur ákveðnum persónum. Sjá Max Weber, „The Nature of Charismatic Authority and its Routinization“, *The Celebrity Culture Reader*, ritstjóri P. David Marshall, New York/London: Routledge, 2006, bls. 55–71, hér bls. 61–62.

⁴⁸ Émile Durkheim, *The Elementary Forms of Religious Life* [1912], þýðandi Karen E. Fields, New York/London: The Free Press, 1995, bls. 41.

⁴⁹ Sama heimild, bls. 149–150.

⁵⁰ Sama heimild, bls. 191–192.

saman stjórnarskrána, en eins og Durkheim bendir á færast háttsettir einstaklingar innan samfélagsins stundum inn á svið hins goðsögulega og verða sjálfir að tótemi.⁵¹

Hochschild gerir það að greiningarefni hvernig tótem geti einnig verið fáni eða kross og hvernig það sameini þá sem dýrka. Í þessu samhengi má benda á að Trump og stuðningsmenn hans klæddu sig í fánalitunum þegar þeir settu upp rauða MAGA-hatta og bindi og fóru í blá jakkaföt.⁵² Trump tókst að sameina evangelískan hóp ákafra hvíttra einstaklinga og hann lyfti þeim upp úr biturleika, örvæntingu, þunglyndi og þeirri tilfinningu að vera útskúfaðir. Hann kallaði kosningabaráttu sína „hreyfinguna“ og hún virkaði eins og risastór þunglyndismæðferð. Margir leiðtogar lofi því að fólki verði bjargað og Trump vakti upp „siðferðilega meðvitund“ (e. *moral consciousness*) hópsins og fyllti þá sem trúðu á hann lotningarfullri alsælu (e. *ecstatic high*). Hópurinn tengdist bræðra- og systraböndum og hluti af því ferli var að kasta út öllum einstaklingum sem tilheyrðu þeim ekki. Í hópi úrkastsins voru múslimar sem Trump vildi banna að koma inn í landið, innflytjendur af mexíkóskum uppruna og jafnvel svart fólk.⁵³ Fundnir eru á þennan hátt blóraböggjar (e. *scapegoat*) og þannig myndast gleðirík samheldni innan samkomunnar. Með því að fleygja út hinum vondu sameinast aðdáendurnir í þeirri tilfinningu að þeir séu „hinir góðu“ og að þeir séu ekki lengur framandi íbúar í sínu eigin landi. Í því hvernig Trump kallaði sífellt „Losum okkur við PC“ (e. „*Lets get rid of PC*“) má sjá hvernig hann endurmótaði viðhorfin til svartra, kvenna, innflytjenda og hinseginfólks. Það hafi verið léttir fyrir marga hægri sinnaða einstaklinga að vera ekki lengur undir vökulum augum „PC lögreglunnar“ en þeim hafi fundist frjálslyndir koma fram við sig eins og þeir væru glæpamenn.⁵⁴

Um illkynja norm og leiðtoga sem hungrar í spegla

Mikilvægt er að hafa í huga að þrátt fyrir að Trump beiti samlíðan til þess að skapa klofning og andúð í þeim tilgangi að þetta saman stuðningsmanna-hóp sinn þá telst hann ekki einstaklingur sem býr yfir mikilli tilfinningalegri samlíðan og hann hefur ekki raunverulega samúð með þeim sem þjást, eins og sérfræðingar hafa ítrekað bent á.

⁵¹ Sama heimild, bls. 103–104.

⁵² MAGA er pólitískt slagorð sem var á frægan hátt notað af Donald Trump þegar hann bauð sig fram til forseta árið 2016. Það merkir „Make America Great Again“.

⁵³ Arlie Russell Hochschild, *Strangers in Their Own Land*, bls. 226–227.

⁵⁴ Sama heimild, bls. 227.

Hagfræðingurinn Jeffrey D. Sachs, prófessor við Columbia-háskóla, hefur mikið skrifað um umhverfismál, efnahagsumbætur og almenna fátækt. Í inngangi sínum að bókinni *The Dangerous Case of Donald Trump* heldur hann því fram að Trump sé hættulegur forseti vegna alvarlegrar andlegrar skerðingar sem hafi verið ómeðhöndluð og sé að öllum líkindum ólæknaleg.⁵⁵ Margir leiðtogar eigi það sameiginlegt að vera með slíkar raskanir en í þeim felist að ómögulegt sé fyrir þá að finna fyrir samlíðan með öðrum, þeir sjái aðra aðeins sem viðföng sem nota megi eða ógn sem þurfi að fjarlægja og þeir skilji ekki hugtakið jafnræði. Sachs vitnar í sálfræðinginn Jerrold M. Post, höfund bókarinnar *Narcissism and Politics*, en Post starfaði meðal annars fyrir bandarísku leyniþjónustuna C.I.A. Þó að bók Posts um narsissíska þjóðarleiðtoga hafi komið út 2015 má auðveldlega heimfæra hana upp á Trump sem eigi í sérstöku sambandi við grunnstoðir sínar. Sachs segir hann vera leiðtoga sem „hungri í spegla“ (e. *mirror hungry*), það er sé „narsissisti“ sem reyni að fela misbrestir sína með því að skjalla fylgismenn sína, líkt og sjá megi á fylkingunni sem safnast írekað saman fyrir framan hann, sönglandi hatursöngva og hótandi ofbeldi.⁵⁶ Þessi hópur taki stöðugt undir raðlygar leiðtogans og geri fantasíuheim hans að sínum. Fylgismenn Trumps séu særðir og hafi hungrað í hugsjónir sem leiði þá frá sársauka sínum og því óréttlæti sem þeir hafi verið beittir. Sachs bendir á að Trump deili ýmsum einkennum með Adolf Hitler því hann afmennski ákveðna þjóðfélags hópa. Í tilfalli Trumps séu það Bandaríkjamenn af afrískum ættum, múslimar, konur, fólk frá Rómönsku-Ameríku og innflytjendur.⁵⁷

Sachs bendir á að það skipti miklu máli að við áttum okkur á því að hér séum við komin inn á svið sálsýkisfræðinnar og að það sé því hættulegt þegar fólk láti eins og við séum aðeins að stunda pólitík ef við gagnrýnum þjóðarleiðtoga á þessum forsendum, sérstaklega þegar kjarnorkuhættan er höfð í

⁵⁵ Jeffrey D. Sachs, „Foreword To the Second Edition. The Dire Warning of Mental Health Experts“, *The Dangerous Case of Donald Trump. 35 Psychiatrists and Mental Health Experts Assess a President*, ritstjóri Bandy Lee, New York: Thomas Dunne Books, 2017, epub, loc 8.

⁵⁶ Árið 1938 notaði Theodore Abel orðin tign og náðargáfu til að útskýra leiðtogahæfileika og framgöngu Hitlers og getu hans til að stýra fylgjendum sínum en þeir sáu í honum kraft og höfðu trú á yfirnáttúrulegum hæfileikum hans og spámannsgáfu. Sjá Theodore Abel, *Why Hitler Came into Power. An Answer Based on the Original Life Stories of Six Hundred of His Followers*, New York: Prentice-Hall, INC, 1938, bls. 66–67.

⁵⁷ Jeffrey D. Sachs, „Foreword To the Second Edition. The Dire Warning of Mental Health Experts“, *The Dangerous Case of Donald Trump*, loc. 8–9.

huga,⁵⁸ umhverfismálin og ýmsar grunnstoðir samfélagsins.⁵⁹ Það skipti miklu máli að herfileg hegðun leiðtoga á borð við Trump verði ekki að „illkynja normi“ (e. *malignant normality*).⁶⁰ Geðlæknirinn Robert Jay Lifton sem hefur meðal annars rannsakað störf þeirra lækna sem unnu í þágu nasista tekur undir þessa skoðun, en hann ræðir illkynja norm í inngangi sínum að fyrstu prentun bókarinnar *The Dangerous Case of Donald Trump*. Í „Our Witness to Malignant Normality“ segir hann að samfélög innleiði ákveðin viðhorf, hugsunarhátt og hegðun sem séu talin vera ákjósanleg eða „venjuleg“ en að þessi viðhorf geti verið undir miklum áhrifum af pólitískum og hernaðarlegum straumum tiltekins tímabils. Slík skilyrði séu stundum mikilvæg og til-
tölulega jákvæð en þau geti einnig verið eyðandi og haft í för með sér illsku.⁶¹

Greining Sachs, Post og Liftons dregur glögglega fram hætturarnar sem þjóðum og heiminum öllum stafar af slíkum leiðtogum og mikilsvært er að hafa í huga hvernig þessir einstaklingar beita sálfræðilegum vopnum til þess að öðlast fylgjendur. Þessir stuðningsmenn líta á sig sem valdalausán jaðarhóp og eru móttækilegir fyrir áróðri, ekki síst vegna þess að vinstri menn hafa hundsáð þá, tala ekki við þá eða taka ekki mark á þeim, og líta almennt niður á þá. Þá er samlíðaninni ekki síst beitt til dæmis til þess að stýra, egna, mynda hópa, stressa og hræða. Hópar eru gjarnir á að móta sitt eigið tungumál, búa sér til sinn eiginn heim og sitt eigið siðferðiskerfi. Töluvert hefur verið rannsakað hvernig siðferði þróast sem leið til þess að einstaklingarnir

⁵⁸ Hér má benda á að Trump var með ýmis leynileg gögn í Mar-A-Lago setri sínu í Flórída sem aldrei áttu að rata þangað. Starfsmenn alríkislögreglu Bandaríkjanna fengu leitarheimild í ágúst 2022 og fjarlægðu þaðan pappíra sem höfðu hlotið einhverjar af hæstu leyndarskilgreiningum bandarískra stjórnvalda: „Alls voru tuttugu kassar fjarlægðir frá Mar-A-Lago í Flórída eftir að húsleitinn var framkvæmd. Fjölmiðlar vestanhafs hafa heimildir fyrir því að meðal gagnanna hafi verið upplýsingar um kjarnorkuvopn Bandaríkjanna.“ Sjá Samúel Karl Ólason, „Leitarheimildin byggði á grun á brot á njósnalögum“, *Vísir*, 13. ágúst 2022, sótt 21. ágúst 2022 af <https://www.visir.is/g/2022297275d>.

⁵⁹ Meirihluti Bandaríkjanna séu til dæmis mótfallnir ýmsum tilraunum hans, eins og að rífa niður „Obamacare“, innleiða skattaafslátt handa hinum ríku, draga Bandaríkin út úr Parísarsamkomulaginu og íranska kjarnorkusáttmálanum, stuðla að auknu aðgengi að byssum, aðskilja börn og foreldra á landamærunum og margt margt fleira. (Sjá Jeffrey D. Sachs, „Foreword To the Second Edition. The Dire Warning of Mental Health Experts“, *The Dangerous Case of Donald Trump*, loc. 11).

⁶⁰ Jeffrey D. Sachs, „Foreword to the second edition. The Dire Warning of Mental Health Experts“, *The Dangerous Case of Donald Trump. 35 Psychiatrists and Mental Health Experts Assess a President*, loc. 12.

⁶¹ Robert Jay Lifton, „Foreword to the First Edition. Our Witness to Malignant Normality“, *The Dangerous Case of Donald Trump*, loc. 29.

lífi af. En mannlegt eðli mótaðist einnig af því hvernig hópar keppa við aðra hópa. Hér er verið að stöðjast við þá kenningu Darwins sem aftur hefur hlotið brautargengi á síðustu árum að þeir hópar sem séu samheldnir og vinni náði saman séu hæfari til að lifa af en hópar sem settir séu saman af sjálfelskum einstaklingshyggjumönnum.⁶²

Félagssálfræðingurinn Jonathan Haidt segir í bók sinni *The Righteous Mind. Why Good People are Divided by Politics and Religion* að siðferðileg rökhyggja sé eiginleiki sem maðurinn hafi þróað til þess að styrkja félagsleg markmið sín, til þess að réttlæta gjörðir sínar og til þess að verja hópinn sem hann tilheyrir.⁶³ Siðfræði snúist ekki bara um skaða og sanngirni heldur einnig um frelsi, hollustu, vald og heilagleika. Siðferði bindur okkur því í senn saman og blindar okkur. Fræg setning Mark Twain, „allt lítur út eins og nagli fyrir mann sem heldur á hamri“ kjarnar hugsunina um siðferði sem blindar, um hlutdrægnina sem býr í dómum okkar. Haidt leggur áherslu á hversu fljót við séum að mynda okkur skoðanir og taka okkur siðferðilega stöðu, það sé þó byggt á innsæi fremur en rökhugsun.⁶⁴ Það sem skipti máli þegar kemur að stjórnmálaskoðunum fólks sé að þær séu einkennismerki um þann félagslega hóp sem við tilheyrum. Hópurinn okkar skiptir okkur miklu máli, hvort sem um er að ræða þann sem við tilheyrum út frá kynþætti, svæði, trúarbrögðum eða pólitík. Pólitískar og siðferðilegar skoðanir leiði til hópamyndunar.

Haidt segir að siðferðileiki samfélaga byggi á þeirri hugmynd að fólk

⁶² Darwin segir í *The Descent of Man* að ekki megi gleyma því að hár siðferðlegur mælikvarði gefi hinum einstaka manni og börnum hans enga eða næstum enga yfirburði ef bera á þau saman við aðra einstaklinga í sömu hjörð. En almennar framfarir í siðferðilegum mælikvörðum og umtalsverð fjölgun á vel gerðum (e. *well-endowed*) einstaklingum innan hjarðarinnar gefa henni mikla yfirburði fram yfir aðra hópa. Ekki leikur vafi á að hjörð sem inniheldur meðlimi sem hafa til að bera ættjarðarást, hollustu, hugrekki og samúð, sem eru alltaf reiðbúnir til að hjálpa og fórna sér fyrir almenningsheill, hefur vinninginn yfir flestar aðrar hjarðir. Sjá Charles Darwin, *The Descent of Man, and Selection in Relation to Sex*, Princeton/New Jersey: Princeton University Press, 1981, bls. 166.

⁶³ Jonathan Haidt, *The Righteous Mind. Why Good People are Divided by Politics and Religion*, New York: Pantheon Books, 2012, epub, loc. 16. Í grein sinni „When Morality Opposes Justice“ ræða Haidt og Graham um skilgreiningar á siðferði í tengslum við hægri og vinstri stjórnmál. Þeir benda á að viðhorf íhaldsmanna til félagslegs réttlætis virðist vera ósiðleg og hafi verið útskýrð sem réttlættingakerfi eða félagsleg yfirráð. Þeir færa rök fyrir því að svæði siðferðilegra hugsjóna sé miklu víðara og greina fimm grundvallaratriði er varða siðferðiskennnd okkar. Sjá Jonathan Haidt og Jesse Graham, „When Morality Opposes Justice. Conservatives Have Moral Intuitions that Liberals may not Recognize“, *Social Justice Research* 20: 1/2007, bls. 98–116, hér bls. 98.

⁶⁴ Jonathan Haidt, *The Righteous Mind*, loc. 77.

tilheyrir fyrst og fremst stærrri einingu, eins og fjölskyldu, teymi, her, fyrirtæki, hjörð eða þjóð. Þessar stóru einingar séu meira en fólkið innan þeirra, þær séu raunverulegar, þær skipti máli og okkur beri að vernda þær. Fólk sé skuldbundið til þess að gegna ákveðnu hlutverki innan þessara eininga og mörg samfélög þrói því með sér siðferðileg hugtök eins og skyldur, stigveldi, virðingu, orðstír og föðurlandsást.⁶⁵

Samkvæmt Haidt eru eftirfarandi fimm þættir grundvöllurinn að siðferði okkar.

1. Væntumþykja/skaðsemi: Andstæðan er þróuð út frá því að hugsa um varnarlaus börn. Slíkar kenndir gera okkur viðkvæm fyrir þjáningu og valda því að við fyrirlitum grimmdarverk og viljum vernda þá sem þjást.
2. Sanngirni/svindl: Mótast af viðbrögðum okkar við því að taka við umbun vegna framlag okkars því við viljum ekki vera arðrænd. Af þessum sökum hundsum við þá sem svindla og viljum refsfa þeim.
3. Hollusta/svik: Snýst um það að móta og viðhalda samböndum eða bandalögum. Við lærum að treysta og viljum verðlauna fólk sem er í okkar liði og viljum meiða, útskúfa og jafnvel myrða þá sem svíkja okkur eða hópinn okkar.
4. Yfirráð/undirgefni: Tengist því hvernig við mótum sambönd sem nýtast okkur innan félagslegs stigveldis. Við lærum að skilja stigskipun og þjóðfélagsstöður og gerum kröfu um að fólk hegði sér í samræmi við stöðu sína.
5. Helgidómur/aftignun: Þetta andstæðukerfi þróast sem viðbrögð við því að við erum alætur og búum í heimi þar sem eru örverur og sníkjudýr. Þessi undirstaða er mótuð af því hvernig við hegðum okkur í tengslum við ónæmiskerfi okkar. Við erum einnig móttækileg fyrir táknrænum ógnum og heimfærum praktískar öryggisákvæðanir yfir á gildismat okkar og um leið á ákveðin viðföng sem geta verið jákvæð og neikvæð. Þetta er jafnframt mikilvægt til þess að binda hópana saman.⁶⁶

Jonathan Haidt telur að vinstri og hægri pólitík í Bandaríkjunum vinni á mismunandi hátt með þessar fimm undirstöður. Það virðist vera þannig að vinstra fólk styðjist mest við lið eitt og tvö: væntumþykju/skaðsemi og sann-

⁶⁵ Sama heimild, loc. 144.

⁶⁶ Sama heimild, loc. 213–214.

girni/svindl, á meðan hægra fólk noti alla fimm liðina. Mögulega sé það vegna þess að fólk sem er hægrisinnað hafi viðtækara viðhorf til siðferðis og taki líka á málefnum eins og hollustu, yfirráðum og helgidómi. Því sé auðveldara fyrir stjórnámálameðmenn sem eru með breitt svið að ná til kjósenda á fjölbreytilegri hátt.

Af þessu má líklega álykta að auðveldara sé fyrir repúblikana að ná til kjósenda sinna eftir alls kyns leiðum heldur en demókrata en Haidt telur auk þess að repúblikanar í Bandaríkjunum skilji siðferðilega sálfræði en demókratar ekki. Slagorð repúblikana, auglýsingar og ræður tali „beint til hjartans“ (e. *gut*) á meðan það sem einkenni demókrata sé að ræða ákveðna pólitík og þann ávinning sem þeir muni færa kjósendum. Haidt hefur af þessum ástæðum gagnrýnt demókrata fyrir „sálfræðilega einfeldni“.⁶⁷

Af ofangreindu ætti að vera ljóst að siðferðileg afstaða hefur mikil áhrif á hópamyndanir því þeir eiga það sameiginlegt að telja sig fulltrúa siðferðis þótt þeir fari ólíkar leiðir í því að tjá það eða ná því fram. Samliðan er byggð á siðferðilegu mati okkar og er hlutdræg. Hún birtist í því að hópar sem eining geta fundið til með öðrum en einnig fundið fyrir hatri, skömm og lagt í einelti. Þeir geta þó einnig fundið til þeirrar þarfar að refsa og smána, en báðar hvatir eiga rætur í samliðaninni, rétt eins og viðbjóðstilfinningin sem rís upp þegar brotið er á ákveðnum grunnildum sem hópurinn hefur í heiðri. Tilgangurinn er fyrst og síðast sá að halda uppi réttu siðferði og góðu samfélagi sem byggir á réttlæti og heiðarleika.

Klaustursmálið og hópar sem smána

En er hægt að nefna einhver íslensk dæmi sem draga skýrt fram ýmis af þeim meginlögmálum sem stýra siðferðisdómum samtímans, þeim sem rísa úr samliðan ákveðinna hópa?

Hljóðupptökurnar sem náðust af einkasamtali alþingismanna Miðflokksins og Flokks fólksins á Klaustri bar í Reykjavík 20. nóvember 2018 vöktu mikla ólgu í samfélaginu og þóttu sýna kvenfyrirlitningu, fordóma gegn fötluðum og misferli í ráðningu sendiherra, eins og heyra mátti í samtali þingmannanna.⁶⁸ Klaustursmálið svokallaða sýnir glöggst siðferðis- og réttlætiskennndina sem stýrir viðbrögðum fólks sem misbýður eitthvað, þörfina á

⁶⁷ Sama heimild, loc. 216. Sjá einnig umræðu mína um George Lakoff í neðanmáls-grein nr. 36.

⁶⁸ Samtalið var hljóðritað af öðrum bargesti, Báru Halldórsdóttur, sem sat á nálægu borði og sendi upptökurnar á fjölmiðlana *Stundina* og *DV*.

að hinir ábyrgu svari fyrir orð sín og gjörðir, sé refsað og taki afleiðingunum af því að hafa brotið siðferðisreglur og líklega stýrðist hópurinn af eftirtöldum þremur liðum í siðferðisgreiningu Haidts: *Væntumþykju/skaðsemi*, þar sem fundið er til með þeim sem minna mega sín og þeir studdir opinberlega; *yfirráðum/undirgefni*, þar sem gerð var sú krafa að þingmenn hegðuðu sér í samræmi við þjóðfélagsstöðu sína; og *helgidómi/aftignun*, þar sem viðtökurnar einkenndust af ákveðnum viðbjóðstilfinningum sem eiga sér rætur í því að fólki finnist öryggi sínu ógnað líkt og gerist þegar við komumst í snertingu við sníkjudýr eða síkla.

Freyja Haraldsdóttir adjunkt við Háskóla Íslands, kynjafræðingur og þroskaþjálfari var eitt helsta viðfangsefnið í fréttunum eftir Klaustursmálið en þingmennirnir töluðu meðal annars óvirðulega um hana og hennar fötlun. Á upptökunum heyrðust greinilega selshljóð frá einum af þingmönnum sem sátu að sumbli eftir að nafn Freyju hafði borið á góma og vildi hann með hljóðunum augljóslega líkja henni við sel.⁶⁹ Stuttu áður en hljóðin heyrast hafði hún verið uppférfnd „Freyja eyja“. Skiljanlega vakti upptakan hörð viðbrögð og þingmennirnir voru ásakaðir um kvenfyrirlitingu, smánun og niðurlægingu. Mótmæli voru meðal annars haldin í kjölfarið á Austurvelli 1. desember. Í ræðu sinni þar lagði Inga Björk Margrétar Bjarnadóttir áherslu á að fatlaðir væru sérstaklega viðkvæmur hópur og í upptökunum kæmu fram kerfislægt hatur gegn þeim.⁷⁰

Freyja hefur um árabíl beint athygli að fordómum gegn fötluðum og er aðgerðasinni.⁷¹ Hún lýsti fötlunar- og kvenfyrirlitningunni sem ein-kennið afsökunarbeiðnina frá Sigmundi Davíð formanni Miðflokksins en hann hringdi í Freyju eftir að upptökurnar höfðu lekið út og hélt því fram

⁶⁹ Myndlíkingin var tekin upp af fjölmiðlum og birtar samsettar myndir af Freyju og sel á býsna ósmekkleган hátt. Sjá til dæmis: „Það sem þú vissir ekki um Önnu Kolbrúnu: Þroskaþjálfari og jafnréttissinni sem var fyrst til að uppfefna Freyju – „Ekki bara saklaus kona““, *DV*, 3. desember 2018, sótt 15. ágúst 2022 af <https://www.dv.is/frettir/2018/12/03/thad-sem-thu-vissir-ekki-um-onnu-kolbrunu-throskathjalfti-og-jafnrettissinni-sem-var-fyrst-til-ad-uppfefna-freyju-ekki-bara-saklaus-kona/>.

⁷⁰ Kristín Ólafsdóttir, „Enginn af þessum dónum hefur séð sóma sinn í að biðja Freyju Haraldsdóttur afsökunar“, *Vísir*, 1. desember 2018, sótt 26. júlí 2022 af <https://www.visir.is/g/2018181209906/-enginn-af-thessum-donum-hefur-sed-soma-sinn-i-ad-bidja-freyju-haraldsdottur-afsokunar->.

⁷¹ Freyja hefur verið öflug í baráttunni gegn fötlunarförðómum á Íslandi og skrifaði meðal annars pistil í *Stundina* rúmu ári áður en Klaustursupptökunni var komið á fjölmiðla. Sjá Freyja Haraldsdóttir, „Fötlunarförðomar skapa ofbeldismenningu“, *Stundin*, 15. apríl 2017, sótt 28. júlí 2022 af <https://stundin.is/pistill/fotlunarforderomar-skapa-ofbeldismenningu/>.

að um misskilning væri að ræða, orð þeirra hefðu aldrei verið hugsuð sem móðgun.⁷² Freyja segir:

Að biðjast afsökunar en reyna samtímis að hrútskýra, eftiráskýra og hreinlega ljúga til um það sem átti sér stað er ekki afsökunarbeiðni. Að líkja mér við dýr og uppnefna mig (og vegg) Freyju Eyju í kjölfar aðgengisbreytinga er augljóslega eins fötlunartengt og það getur orðið. Að taka mig fyrir með þessum hætti vegna þess að pólitískar skoðanir mínar, sem byggja á feminískum gildum, hugmyndafræði mannréttinda og upprætingu ableisma, fara í taugarnar á sumum körlum, ER fötlunarfyrlitning og kvenfyrlitning. Það er líka hlutgerving. Ég er ekki bara eins og dýr heldur líka dauður veggur. Það er til þúsund og ein leið til þess að tjá skoðanaágreining önnur en að hæðast að líkama og útliti kvenna.⁷³

Freyja ræddi einnig um reynslu sína af atburðinum á *Facebook* auk þess sem hún skrifaði pistil um fötlunarförðoma fyrir *Stundina*. Innlegg hennar á *Facebook* fékk nokkurn stuðning, eða um 13 hundruð viðbrögð, það er læk, hjörtu og tárakarla. Auk þess fylgdu innlegginu 119 ummæli og því var deilt 478 sinnum sem gefur skýrt til kynna að fólki hafi ofboðið framkoma þingmannanna í þessu máli.

En getur verið að sú réttmæta gagnrýni sem beindist að þingmönnum Miðflokksins hafi að hluta verið mótuð af tilfinningalegri samlíðan, hugmyndinni um að þar hafi einstaklingur verið smánaður sem deilir hagsmunatengslum, lífsskilningi og pólitískri afstöðu með þeim sem reiðast fyrir hönd hans, í stað þess að snúast um almennar siðferðisreglur sem beri að

⁷² Sigmundur sagði, samkvæmt Freyju, að uppnefnið „Freyja eyja“ hefði verið tilvísun í vegg sem var rifinn niður í skrifstofu Miðflokksins og Sigmundur kallaði eyju. Selshljóðin hafi líklega verið ískur í stóli sem var færður eða í hjóli sem bremsaði fyrir utan bargluggann. Sjá Freyja Haraldsdóttir, „Karlar sem hringja í konur“, *Kjarninn*, 2. desember 2018, sótt 28. júlí 2022 af <https://kjarninn.is/skodun/2018-12-02-karlar-sem-hringja-i-konur/>.

⁷³ Sama heimild. Um ableisma má lesa hjá Emblu Guðmundsdóttur og Freyju Haraldsdóttur, „Hvað er ableismi“, *Tabú*, 14. apríl 2021, sótt 28. júlí 2022 af <https://www.tabu.is/post/hva%C3%B0-er-ableismi/>. Það er áhugavert að Freyja skuli segja afsökunarbeiðina vera hrútskýringu og að pólitískar skoðanir hennar fari „í taugarnar á sumum körlum“. Af upptökunum má heyra að það er Anna Kolbrún Árnadóttir, þingkona Miðflokksins, sem segir „Freyja Eyja“ en Anna Kolbrún var formaður Jafnréttissjóðs á þessum tíma, frá 2016 til 2018, en ný stjórn tók við sjóðnum snemma vors 2019 þar sem sú gamla taldi sig vanhæfa til þess að halda starfi sínu áfram.

fylgja burtséð frá því hver á í hlut? Slíku er alltaf erfitt að svara og mikilvægt að hafa í huga að þeir sem tóku til máls eða brugðust við fréttunum af Klaustursmálinu stýrðust að sjálfsögðu af alls konar ólíkum forsendum sem þýðir að varlega verður að fara í það að draga of almennar ályktanir. Hér er þó vert að skoða svipað mál frá sama tíma sem snýst líkt og Klaustursmálið um smánun, fordóma og hlutgervingu annarrar fatlaðrar konu.

Sunna Elvira Þorkelsdóttir slasaðist alvarlega í Malaga á Spáni í janúar 2018 þegar hún féll fram af svölum og er eftir slysið lömuð fyrir lífstíð með mænuskaða. Fyrrverandi eiginmaður Sunnu, Sigurður Kristinsson, fékk dóm vegna íkveikju árið 2004 en uppreist æru 2013. Hann var dæmdur fyrir stórfelld skattsvik árið 2018 og árið 2019 var hann dæmdur í þriggja og hálfis árs fangelsi hjá Landsrétti fyrir að hafa smyglað amfetamíni til landsins frá Spáni árið 2017. Ekki er ólíklegt að þessar bakgrunnsupplýsingar hafi haft áhrif á það hvernig almennir lesendur upplifðu slysið en auk þess má ætla að aðrir utanaðkomandi þættir hafi enn frekar aukið á samlíðunarrofið á milli hennar og þeirra sem tjáðu sig um málið með einum eða öðrum hætti, svo sem atvinna Sunnu Elviru sem innheimtulögfræðingur hjá Inkasso löginheimtu, efnahagur og grunur um ýmiss konar fjársvik.⁷⁴

Mál Sunnu Elviru og slysið á Spáni fékk talsverða umfjöllun í fjölmiðlum á vormánuðum 2018 en erfitt reyndist fyrir hana að fá ferðafrelsi vegna rannsóknar á íkniefnamálinu, og liðu tæpir þrjár mánuðir áður en hún fékk að snúa aftur til Íslands. Sunna hefur sjálf rætt að hún hafi fundið fyrir því að fólk þekki hana úti á götu. Í viðtali við *Morgunblaðið* segir hún:

Ég áttaði mig ekki allveg á því fyrr en ég var komin hingað heim þótt það hafi verið áreiti frá fjölmiðlum meðan ég var úti. Um leið

⁷⁴ Í fjölmiðlum kom fram að hús Sunnu Elviru og Sigurðar á Spáni hefði árið 2018 verið metið á 172 milljónir en það er með sundlaug og fallettum garði samkvæmt frétt *DV* um málið. Í sömu frétt er sagt að „margt við frásögn Sunnu Elviru stenst ekki nána skoðun“. Hjónin hafi flúið land og „skilið eftir sig slóð svika“. Móðir Sunnu hóf söfnun fyrir sjúkraflugi til þess að koma Sunnu aftur til Íslands en gögn í málinu benda til þess að kostnaðurinn við flugið hafi verið 4.1 milljónir króna en ekki 5.5 milljónir eins og fjölskyldan hélt fram. Einnig er verktakafyrirtæki fyrrverandi eiginmanns Sunnu sem varð gjaldþrota, skoðað nánar í sömu frétt og sagt að grunur leiki á um stórfelld undanskot eigna og þjófnað úr félaginu áður en til gjaldþrotsins kom. Þá sé félagið til rannsóknar hjá skattayfirvöldum. Móðir Sunnu er sögð hafa verið starfsmaður fyrirtækisins og séð um bókhaldið. Jafnframt er farið í saumana á kaupum og sölu eignar í Kópavogi sem tengist fyrirtækinu. Sjá „Sjáðu myndirnar – Sunna neitar að tjá sig um húsið“, *DV*, 19. febrúar, 2018, sótt 20. ágúst 2022 af <https://www.dv.is/frettir/2018/02/19/holl-sunnu-og-sigurdar-til-solu-a-172-milljónir-sjadu-myndirnar-sunna-neitar-ad-tja-sig-um-husid/>.

og ég lenti heima voru mættir ljósmyndarar á Grensás. Ég finn fyrir því að fólk þekkir mig og horfir á mig. Ég brosi bara til fólks og er vingjarnleg. Svo gerist það alveg að fólk gefi sig á tal við mig og talar fallega til mín. Mér þykir bara vænt um það.⁷⁵

Þann 9. apríl 2018 birtist á *Vísir.is* mynd af henni í sjúkrarúmi þar sem hún liggur í hvítum sjúkrakjól, undir fyrirsögninni „Sunna Elvira komin til



⁷⁵ Marta María Winkel, „Sagan hennar Sunnu Elviru“, *Smartland Mörtu Maríu. Morgunblaðið*, 13. nóvember 2018, sótt 31. júlí 2022 af https://www.mbl.is/smartland/stars/2018/11/13/sagan_hennar_sunnu_elviru/.

landsins“.⁷⁶ Sama dag birtist stöðufærsla á *Facebook* þar sem um er að ræða samanburðarmynd. Höfundur innleggsins skrifar: „Undarleg tilviljun. Tvífarar dagsins eru spánarfarinn Sunna Elvíra og Maja sem Francisco Goya mál- aði mynd af í lok átjándu aldar. Goya var einn færasti málarí spánverja“ [svo].

Höfundurinn vísar þar í fræg erótísk listaverk, *Nöktu Maju* (1795–1800) og *Kleddu Maju* (1800 og 1805), olíumálverk spænska listamannsins Francisco Goya sem er undir áhrifum af rómantísku stefnunni. Ráðandi verkið, það sem höfundur innleggsins birtir mynd af og það sem talið er erótískara, er *Kledda Maja*. Þessu til stuðnings má nefna að listfræðingurinn Janis Tomlinson segir Maju í *Kleddu Maju* vera „meira kítlandi í sinni blygðunarlausu og hömlulausu framkomu“ í samanburðinum við „feimnu, nöktu myndina“.⁷⁷



⁷⁶ Kristín Ólafsdóttir, „Sunna Elvíra komin til landsins“, *Vísir.is*, 9. apríl 2018, sótt 31. júlí 2022 af <https://www.visir.is/g/2018180408965/sunna-elvira-komin-til-landsins>.

⁷⁷ Janis A. Tomlinson, „Images of Women in Goya’s Prints and Drawings“, *Goya. Images of Women*, ritstjóri Janies A. Tomlinson, Washington: National Gallery of Art, 2002, bls. 51.

Málverkið er frægt fyrir blygðunarlaust og sjálföruggt augnarráð þar sem konan skammast sín ekki fyrir afhjúpanði stellingu sína heldur starir ákveðin beint á áhorfandann. Tomlinson segir í grein sinni „Burn it, Hide it, Flaunt it“ að Maju-verkin hafi verið leið til þess að spyrna gegn ritskoðun tímabilsins á Spáni þegar kom að kvenlegri nekt og ögra kynferðislegum tábúum.⁷⁸ Einnig hefur verið bent á að *Klædda Maja* sé mynd af nakinni konu í fötum því að samsetning málverksins og litanotkun eigi margt sameiginlegt með nektarmyndum tímabilsins.⁷⁹

Konan í málverkinu hallar sér aftur á rúmið, höfuðið hvílir á koddanum og hendurnar hvíla fyrir aftan höfuðið. Ytri klæði hennar hafa verið fjarlægð til þess að útlínur líkama hennar sjáist betur. Barmur hennar sést greinilega þar sem mittið er dregið fram með belti eða klút. Tomlinson segir að þær konur sem kallaðar voru „mæjur“ hafi haft á sér þann orðstír að vera berorðar. Þær voru til dæmis taldar nota smekklaus orð, eða orð sem bjuggu yfir tvíræðni. Í prentmyndasafni sínu *Los Caprichos* eða *Duttlungarnir* hafi Goya gefið til kynna atvinnu slíkra kvenna með flegnum fötum, með sjálföruggu glápi þeirra og með félagsskapnum sem þær voru í. Karlar höfðu aðgang að þeim undir vökulu auga pútnamóðurinnar⁸⁰ en þessar konur eru ekki undirgefnar eða veikar heldur sterkar konur með ákveðnar skoðanir sem eru stoltar af líkama sínum og vilja láta horfa á sig.⁸¹

Ef maður lítur nú aftur á ljósmyndina af Sunnu Elviru og án þess að litast af hugmyndinni um klæddu Maju er augljóst að það er búið að hafa hana til fyrir myndatökuna. Hún hefur verið böðuð og mögulega förðuð, henni hefur verið hjálpað við að setjast upp í sjúkrarúminu og koddri settur undir fætur hennar. En langflestir sem brugðust við færslunni sjá ekkert af þessu því að innleggið á *Facebook* fékk 104 viðbrögð, 9 ummæli og eina deilingu.⁸² Athyglisvert er, að viðbrögðin einskorðast við læk, hlátur og vá. Ekki má sjá neinn tákarakl, enginn er reiður og enginn sendir ást.

Margir þeirra sem brugðust við myndinni eru í ofanálag einstaklingar sem löngum yrðu skilgreindir sem „góða fólkið“ í samfélagsumræðunni, sem

⁷⁸ Janis A. Tomlinson, „Burn it, Hide it, Flaunt it. Goya’s *Majas* and the Censorial Mind“, *Art Journal* 50: 4/1991, bls. 59–64, hér bls. 59.

⁷⁹ Sjá til dæmis *Delphi Complete Paintings of Francisco de Goya. Delphi Masters of Art Series*, 23, Hastings: Delphi Classics, 2016, bls. 203–204.

⁸⁰ Janis A. Tomlinson, „Images of Women in Goya’s Prints and Drawings“, bls. 56–57.

⁸¹ „The Clothed Maja“, *Francisco De Goya*, sótt 31. júlí 2022 af <https://www.francisco-de-goya.com/clothed-maja/>.

⁸² Tveir einstaklingar hafa síðan færslan birtist fjarlægð lækin sín og eru þau nú 102 í ágústmánuði 2022.

frjálslyndir framfarasinna, það er einstaklingar sem láta sig varða félagslegt réttlæti eða jöfnuð og eru á vinstri væng stjórnmalanna. Í hópnum eru núverandi og fyrrverandi þingmenn, femínistar, háskólakennarar, menntamenn, vinstri sinnaðir rithöfundar og listamenn. Og jafnvel fólk sem hefur tengsl við fötlunarfræði.

Einnig ber að hafa í huga að tjáknin sem við notum á samskiptamiðlunum eru raunveruleg tjáning á tilfinningum, á afstöðu okkar og viðbrögðum. Með þeim sýnum við samlíðan, meðaumkun, væntumþykju, reiði, sorg, hlátur. Í athugasemdunum við myndina má fyrst og fremst sjá læk, en einnig mörg undrunartjákn og marga hlējandi hausa. Ólíkt því sem gerðist í Klaustursmálinu merkir hér enginn færsluna með tjákni sem dregur fram smánunina eða niðurlægninguna sem felst í færslunni eða kvartar yfir því að fatlaður einstaklingur í sjúkrarúmi sé settur í erótískt samhengi.

Þó má sjá einn reiðan í athugasemdum, Kristján Sigurð Kristjánsson. Og Þórunn Júlíusdóttir Tóta segir: „Ekki næs, enda kannski ekki meiningin.“ Höfundur færslunnar svarar: „Ekki næs, jú, þetta er sko alveg næs.“ Einn einstaklingur kveikir á því að það sé sársauki í þessari mynd og sýnir hinni fötluðu konu meðaumkun. Bubbi Morthens segir: „Sorgin er of mikil í neðri myndinni, í raun yfirþyrmandi“. Og Þórunn Júlíusdóttir Tóta svarar: „Sam-mála“. Það eru því aðeins 3 einstaklingar á móti 104 sem bregðast við gjörningnum á Facebook með því að sýna Sunnu Elviru samúð eða samlíðan.

En opinber smámun Sunnu Elviru var ekki bundin við *Facebook*. Í lok árs 2018 valdi „Svarthöfði“ hjá *DV* þá sem stóðu sig best á árinu og skilgreindi slys Sunnu Elviru sem „Bílslys ársins“ með þessum orðum:

Sunna Elvira komst í fréttirnar þegar greint var frá að hún hefði fallið á milli hæða á heimili hennar á Spáni. Sunna hefur borið sig vel og er alltaf jákvæð og býr nú á Íslandi. Fyrrverandi eiginmaður hennar, Sigurður Kristinsson, var handtekinn fyrir að smygla eiturlyfjum í skákvörum sem sendar voru til Íslands. Sunna Elvira hefur ítrekað sagt að Sigurður Kristinsson hafi ekki átt neinn þátt í slysinu örlagaríka um kvöldið á heimili hennar. Það má vel vera rétt, enda var skráð á spítalanum að Sunna Elvira hefði slasast eftir bílslys og það er auðvitað ótrúleg tilviljun að bílaleigubíllinn sem Sunna og Sigurður voru með á leigu hafi aldrei fundist.⁸³

⁸³ „Svarthöfði verðlaunar þá sem stóðu sig best á árinu. Bílslys ársins“, *DV*, 28. desember 2018, sótt 1. ágúst 2022 af <https://www.dv.is/fokus/2018/12/28/svarthofdi-verdlaunar-tha-sem-stodu-sig-best-arinu/>.



FÓKUS

Like

Svarthöfði verðlaunar þá sem stóðu sig best á árinu

Svarthöfði
Fótladaginn 28. desember 2018 20:00



Í fljótu bragði er erfitt að sjá hvað verður til þess að kona sem nýverið hefur fengið þær fréttir að hún sé lömuð fyrir lífstíð verði fyrir slíkri meinfýsni, grimmd og háði. Þó er mögulegt að um sé að ræða flóknari siðferðisspurningar en höfundur þessarar greinar kemur auga á. Það breytir því þó ekki að sami hópur og hæðist að Sunnu hélt uppi vörnum fyrir Freyju fáeinum mánuðum síðar. Því vaknar sú spurning hvað valdi þessum gjörólíku viðbrögðum við smánun tveggja fatlaðra einstaklinga?

Hugsanlega sér hópurinn ekki fötlun konunnar vegna þess að hann horfir annað og þá gæti starf Sunnu Elvuru, efnahagur og spurningarnar um fjárvik sem tengjast heimkonu hennar haft eitthvað að segja. Einnig sú staðreynd að fyrrverandi eiginmaður hennar hefur verið dæmdur í fangelsi eins og áður kom fram.

Jonathan Haidt ræðir hvernig siðferðilegar einingar binda fólk saman og blinda þá fyrir tilveru og lífi annarra hópa. Þetta gerir einstaklingum erfitt að skilja eða meta það siðferði sem stýrir öðrum hópum og möguleikanum á því að það geti verið meira en ein tegund af siðferðilegum sannleika, eða fleiri en einn siðferðilegur rammi sem fólk sé dæmt innan eða stýri samfélögum.⁸⁴ Siðferði snýst því að mörgu leyti um smekk hins réttsýna en þau atriði sem móta smekkin eru eins og áður sagði umhyggja, sanngirni, hollusta, vald og helgidómur.⁸⁵

⁸⁴ Jonathan Haidt, *The Righteous Mind*, loc. 159.

⁸⁵ Sjá Jonathan Haidt og Jesse Graham, „When Morality Opposes Justice“, bls. 101.

Erfitt getur þó verið að sjá hvernig siðferðisspurningar koma málinu við í máli Sunnu Elvuru en ef haft er í huga hvernig fyrrverandi eiginmaður hennar er tekinn fyrir hjá Svarthöfða, þá virðist vera að blaðamanni hafi fundist umfjöllun sín vera réttlát, með öðrum orðum að um réttláta refsingu sé að ræða fyrir siðferðisbrotin og meinta glæpi eiginmannsins sem Sunna Elvira er dregin inn í og talið að hún sé að einhverju leyti samsek. Fötlun hennar og harmrænar aðstæður skipta þá engu máli heldur er þvert á móti gert grín að því. Eins og Jonathan Haidt hefur sagt: „siðferði bindur okkur saman og blindar.“⁸⁶

Stóllinn Snorri

Hljóð ársins á stóllinn Snorri sem er á Klaustri bar. Hann er líklega í horninu á þeim fræga stað en enginn veit þó nákvæmlega hvar Snorri er nákvæmlega er staðsettur. Fólk hefur haft á orði að þegar stóllinn Snorri sé dreginn eftir gólfinu heyrist skerandi selahljóð, sem sumir vilja meina að líkist einnig hjóli sem bremsað er fyrir utan glugga. En ef verulega illa liggur á honum, þá á stóllinn Snorri til að uppnefna fólk og tekur þá alla minnihlutahópa fyrir.



Bílslys ársins

Sunna Elvira komst í fréttirnar þegar greint var frá að hún hefði fallið á milli hæða á heimili hennar á Spáni. Sunna hefur borið sig vel og er alltaf

jákvæð og býr nú á Íslandi. Fyrrverandi eiginmaður hennar, Sigurður Kristinsson, var handtekinn fyrir að smygla eiturfjóm í skákvörum sem sendar voru til Íslands. Sunna Elvira hefur ítrekað sagt að Sigurður Kristinsson hafi ekki átt neinn þátt í slysinu örlagaríka um kvöldið á heimili hennar. Það má vel vera rétt, enda var skráð á spítalanum að Sunna Elvira hefði slasast eftir bílslys og það er auðvitað ótrúleg tilviljun að bílaleigubíllinn sem Sunna og Sigurður voru með á leigu hafi aldrei fundist.

⁸⁶ Jonathan Haidt, *The Righteous Mind*, loc. 55.

Önnur viðurkenning frá Svarthöfða sama ár er „Stóllinn Snorri“ en hann á „hljóð ársins“. Þar hæðist Svarthöfði að skýringu Sigmundar Davíðs í samtalinu til Freyju á því að selahljóðið hafi verið ískur í stól sem dreginn var eftir gólfinu með því að vísa í barnasöguna landsþekktu um selinn Snorra: „Fólk hefur haft á orði að þegar stóllinn Snorri sé dreginn eftir gólfinu heyrir skerandi selahljóð, sem sumir vilja meina að líkist einnig hjóli sem bremsað er fyrir utan glugga. Ef verulega illa liggur á honum, þá á stóllinn Snorri til að uppnefna fólk og tekur þá alla minnihlutahópa fyrir.“⁸⁷ Í þessari sömu umfjöllun Svarthöfða er Sigmundur Davíð jafnframt valinn „herramaður ársins“ í háðungarskyni vegna þess að hann hringdi í Freyju og bað hana afsökunar vegna Klaustursmálsins. Freyja hafi hins vegar ekki tekið „herramannslega afsökunarbeiðni Sigmunds“ gilda.⁸⁸ Orðavalið herra­mannslegur vísar mögulega í þau orð Freyju að „sumum körlum“ sé líklega í nöp við femínískar skoðanir hennar en kynjaklofningurinn sem aðgreiningin birtir væri þá dæmi um þá samlíðunargjá sem Hochschild gerir að umræðuefni. Í fljótu bragði virðist hún sjálfgefin en verður flóknari þegar haft er í huga að það var Anna Kolbrún Árnadóttir, formaður Jafnréttissjóðs, sem uppnefndi Freyju.

Forvitnilegast er þó hugsanlega hvernig blaðamaður *DV* staðsetur sig annars vegar gagnvart Sunnu Elviru og svo hins vegar gagnvart Freyju. Freyja tilheyrir minnihlutahópnum sem þingmennirnir smánuðu og fær samúð eða samlíðan blaðamannsins. Sunna Elvira tilheyrir aftur á móti annars konar heimi og gefið er til kynna að fyrrverandi maður hennar hafi átt þátt í slysinu sem hún varð fyrir en Sunna hefur sjálf sagt í viðtölum að hún muni ekki aðdraganda slyssins.⁸⁹ Þetta er ekki spurning um að Sunnu Elviru sé ekki sýnd nein samúð heldur að hún er hér fórnarlamb grófrar meinfýsni, háðs og smánunar, að því er virðist fyrst og fremst vegna tengsla sinna við fyrrverandi eiginmann sinn. Hugsanlega er þó skýringanna eins og áður sagði einnig að leita í atvinnu Sunnu, fjárhagsstöðu og siðferðis­spurningunum sem spruttu í tengslum við fjársöfnunina vegna komu hennar með sjúkraflugi heim til Íslands.

Margir myndu líklega hallast að því að vandamálið í dæminu um Sunnu Elviru sé einmitt skortur á samlíðan. Og að einhverju leyti er það rétt. En hér má þó einnig sjá flókna samlíðan í verki sem býr í samstillingunni eða einingunni innan hópsins sem líklega blöskrar framkoma fyrrverandi eigin-

⁸⁷ „Svarthöfði verðlaunar þá sem stóðu sig best á árinu. Stóllinn Snorri“.

⁸⁸ „Svarthöfði verðlaunar þá sem stóðu sig best á árinu. Herramaður ársins“.

⁸⁹ Marta María Winkel, „Sagan hennar Sunnu Elviru“, *Smartland Mörту Maríu*.

mannsins og lítur svo á Sunna Elvira sé meðsek og eigi örlög sín nógu mikið skilið til þess að leyfilegt sé að hæðast af henni. Líkt og í tilfelli kjósenda Trumps, myndar hópurinn einingu og samstöðu vegna þess að tilfinningarnar taka yfir, í þessu tilfelli sameinast hann mögulega í viðbjóði sínum á fólki sem brotið hefur samfélagsreglur.

Svipaður viðbjóður braust fram í Kaustursmálinu en þá var honum beint að gerendunum, þingmönnum sem brutu á Freyju Haraldsdóttur. Viðbrögðin náðu hugsanlega hápunkti þegar leikarar í Borgarleikhúsinu leiklásu samtalið sem var tekið upp á Klausturbar fyrir fullu húsi áhorfenda en viðburðinum var auk þess streymt.⁹⁰ Líta mætti á gjörninginn sem sérstaka tegund af refsingu fyrir siðferðisbrot þar sem hópurinn leitar sinna eigin leiða til að taka niður þá sem sýna af sér slæma hegðun. Christopher Boehm ræðir um jafnrétti innan safnara- og veiðimannahópa (e. *hunter-gatherers*) í bók sinni *Hierarchy in the Forest* og þær leiðir sem þeir fara til þess að halda jafnrétti innan hópsins. Mikilvægt er að taka þá niður sem sækja sér of mikil völd, sýna af sér slæma árásgjarna hegðun eins og í kynferðismálum eða varðandi misnotkun, arðrán, ofbeldi eða með því að deila ekki. Einstaklingarnir innan hópsins voru því jafnréttissinnaðir, en ekki friðarsinnar og notuðu ýmsar leiðir til þess að tryggja það að enginn fengi of mikil völd. Það sem hjörðin gerir meðal annars er að nota gagnrýni og háð til þess að taka þá niður sem sýna af sér árásgirni eða andfélagslega hegðun með það í huga að endurheimta jafnvægið í hópnun.⁹¹

Jonathan Haidt segir að viðbjóðstilfinningin eigi uppruna sinn í því að halda okkur frá öllu sem er skítugt, mengað og eitrað en að siðferðileg brot veki nú upp með okkur sambærilega kennd.⁹² Paul Bloom er á svipuðum slóðum í bók sinni *Just Babies. The Origins of Good and Evil* en hann segir að viðbjóður kveiki andstæðar kenndir við samlíðan. Samlíðan geti dregið fram væntumþykju og óeigingirni en viðbjóður geri það að verkum að okkur sé sama um þjáningar annarra og geti leitt til grimmdarverka, afmennskunar og andstyggðar. Sá sem upplifi viðbjóð sjái þá sem tilfinningin beinist að sem

⁹⁰ Sjá „Samtalið á Klaustri. Leiklestur í Borgarleikhúsinu“, *Vísir*, 4. desember 2018, sótt 1. ágúst 2022 af <https://www.visir.is/k/31333a5e-50a5-48f1-900d-519ba2a-6347c-1543934677888/>.

⁹¹ Sjá Christopher Boehm, *Hierarchy in the Forest. The Evolution of Egalitarian Behavior*, London: Harvard University Press, 1999, bls. 43–44.

⁹² Jonathan Haidt, *The Righteous Mind. Why Good People are Divided by Politics and Religion*, loc. 149. Sjá einnig grein Haidt ofl.: „Body, Psyche, and Culture. The Relationship between Disgust and Morality“, *Psychology and Developing Societies* 9: 1/1997, bls. 108–131, hér bls. 108.

smærri og andstyggilega og dæmi þá á harkalegri hátt.⁹³ Siðferðilegir dómar tengjast því gjarnan kenndum eins og samúð (með fórnarlambi), skömm og svívirðu.⁹⁴

„*Sálin velur sinn Vinskap / dregur sig því næst í Hlé*“

Tilfinningarnar sem greina má í viðbrögðum langflestra lesendanna við *Facebook*-innlegginu um Sunnu Elviru og svo í afgreiðslu Svarthöfða minna um margt á svokallaða þórðargleði eða skaðagleði (þ. *Schadenfreude*) sem merkir í stuttu máli gleði yfir ógæfu annarra. Það er þessi gleðitilfinning sem vaknar þegar einhver annar hefur orðið fyrir bakslagi, hörmungum, andstreymi eða annarri ógæfu.⁹⁵ Þórðargleði líkt og samlíðan er oft bundin hugmyndum um réttlæti og færð hafa verið fyrir því rök að vellíðunartilfinningin sem þá vaknar stafi af því að þá sé ógæfan verðskulduð. Heimspekingurinn John Portmann heldur því til dæmis fram að það sé ekki þjáning annarra sem veiti okkur gleði, heldur fremur að réttlætinu hafi verið fullnægt.⁹⁶

Shensheng Wang og fleiri ræða þórðargleði, uppruna hennar, birtingarmyndir og einkenni í grein sinni „Shadenfreude deconstructed and reconstructed. A tripartite motivational model.“ Meðal þeirra heimspekinga og sálfræðinga sem hafa litið svo á að þórðargleði sé illkvittisleg tilfinning eða meinfýsni eru Aristóteles, Fritz Heider og Arthur Schopenhauer. Aðrir hafa talið hana vera siðferðilega hlutlausa og jafnvel dyggðuga, til að mynda Nietzsche og samtímaheimspekingar á borð við John Portmann. Sumir vilja meina að þórðargleði sé háð því hversu alvarleg ógæfan sé og einnig hlutverki þess sem upplifir slíka gleði.⁹⁷

Shensheng Wang o.fl. ræða þrjá skóla í félagslegri sálfræði í umfjöllun sinni um þórðargleði. Í fyrsta lagi sé um að ræða hugmyndir sem lúti að því að viðkomandi eigi skilið misfarir sínar og það hafi því að gera með rétt-

⁹³ Paul Bloom, *Just Babies. The Origins of Good and Evil*, London: The Bodley Head, 2013, bls. 140.

⁹⁴ Sama heimild, bls. 168.

⁹⁵ Wilco W. van Dijk og Jaap W. Ouwerkerk, „Introduction to Schadenfreude“, *Schadenfreude. Understanding Pleasure at the Misfortune of Others*, ritstjórar Wilco W. van Dijk og Jaap W. Ouwerkerk, Cambridge: Cambridge University Press, 2014, bls. 1–13, hér bls. 1.

⁹⁶ Sama heimild, bls. 8.

⁹⁷ Shensheng Wang, Scott O. Lilienfeld og Philippe Rochat, „Shadenfreude deconstructed and reconstructed. A tripartite motivational model“, *New Ideas in Psychology*, 52, 2019, bls. 1–11, hér bls. 1. Sótt 30. nóvember 2022 af <https://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0732118X18301430>.

lætistilfinningar. Í öðru lagi sé talið að sá sem finni fyrir þórðargleði öfundi þann sem verður fyrir ógæfunni. Platón var á þessari skoðun fyrir meira en tvö þúsund árum og sagði: „Sögðum við ekki að ánægjan yfir misförum vina okkar stafi af öfund“.⁹⁸ Öfundin er meiri eftir því sem staða viðkomandi er æðri sem eykur líkur á þórðargleði þegar slíkur einstaklingur lendir í ógöngum. Þessi liður hefur að gera með sjálfsmat einstaklingsins. Þriðja leiðin sem farin er til að útskýra þórðargleði er með því að skoða hópasamskipti en hún er algeng þar sem hópar myndast. Þá eru helst skoðuð samkeppni, metingur, hverjir mótherjarnir eru, minnimáttarkennd og sú árársargirni sem myndast innan slíkra samskipta. Slíkar kenndir geta til dæmis myndast á íþróttaleikjum og innan annarra félagslegra hópa. Þessi þáttur snýr að félagslegri sjálfsmynd.⁹⁹

Þórðargleði eða skaðagleði er meira að segja einn af hornsteinum kristinnar eins og sjá má af fordæmingarhugmyndum Tertullian frá Karþago (155–220) en hann hefur verið kallaður faðir vestrænnar guðfræði. Í handanlíflýsingum hans er himnaríki svalir þaðan sem hinir frelsuðu geta horft á helvíti og notið þess að fylgjast með eilífu sjónarspilinu meðan dæmdar sálir steikjast í eldinum.¹⁰⁰ Í þessu samhengi má minna á rannsóknir þýska taugafræðingsins (e. *neuroscientist*) Tania Singer sem hefur rannsakað tilfinningaviðbrögð fólks með hjálp heilaskanna. Þegar einstaklingarnir í rannsókninni horfðu á hendi annarrar manneskju verða fyrir raflosti þá lýsti sársaukasvæði þeirra upp sem sýndi að þeir deildu sársauka mennskunnar. Hér var á ferðinni dæmigerð samlíðan. En slíkt gerðist aðeins ef manneskjan var einhver sem þeim líkaði við, sem þeir gátu fundið til með, ef mannskjan sem fékk raflostið hafði til dæmis tekið þátt í vinalegu spili með þeim skömmu fyrir skannann. Ef manneskjan svindlaði og var ósanngjörn sýndu tilraunarviðföngin sama og enga samlíðan. Áhugavert var að í heila karlmannanna örvaðist sá hluti sem stýrir ánægju. Þeir færðust frá samlíðan til réttlætis og fannst refsingin vera góð.¹⁰¹ Líkt og De Waal segir er himnaríkið hans Ter-

⁹⁸ Sama heimild, bls. 2.

⁹⁹ Sama heimild, bls. 3.

¹⁰⁰ Frans De Waal gerir þessar hugmyndir að umræðuefni í *Mama's Last Hug. Animal Emotions and What They Tell us about Ourselves*, bls. 109. De Waal vísar ekki í neinn ákveðinn kafla úr verkum Tertullian en að öllum líkindum er hann að vísa í lýsingu-na sem finna má í *Apology, De Spectaculis*, ensk þýðing, T.R. Glover, London: Harvard University Press, 1931, bls. 297, 299 og 301.

¹⁰¹ Tania Singer, Ben Seymour, John P. O'Doherty, Klaas E. Stephan, Reymond J. Dolan og Chris D. Frith, „Emphatic neural responses are modulated by the perceived fairness of others“, *Nature* 2006, bls. 439 og 466–469. Sjá einnig Tania Singer og

tullian einmitt slíkur staður þórðargleði, þar sem menn horfa á óvini sína brenna og gleðjast yfir réttlátum örlögum þeirra.

Hér er einnig mikilvægt að hafa í huga að við höfum ríka tilhneingingu til þess að hugsa út frá þeim hópum sem við teljum okkur tilheyra, hvort sem það er út frá vinstri/hægri pólitík, út frá hópnum eða klíkunni sem við erum hluti af eða minni einingum eins og fjölskyldunni. Samfélagsmiðlarnir ýta svo undir tilfinninguna fyrir því að tilheyra ákveðnum hópi eins og greining á svokölluðum bergmálshellum (e. *echo chamber*) hefur sýnt fram á. Hugtakinu er ætlað að fanga félagslega umhverfið á netinu þar sem ýtt er undir fyrirframgefna skoðanir sem eru síðan staðfestar og treystar vegna þess að einstaklingurinn er aðeins í sambandi við þá sem hugsa líkt og hann sjálfur. Walter Quattrociocchi og félagar gerðu eigindlegar rannsóknir á því hvernig upplýsingar dreifast á netinu og niðurstöðurnar voru á þá leið að á *Facebook* og *Twitter* var mun líklega að upplýsingar næðu til notenda með svipaðar tilhneingingar og að þeir breiddu þær þá að sama skapi út. Quattrociocchi sem leiddi rannsóknina segir að skilningur þeirra sé sá að svæði sem notar algrím eða algóritma hafi mjög mikil áhrif á pólun og aðskilnað. Í raunverulegu lífi höfum við tilhneingingu til þess að safna í kringum okkur fólki sem deilir gildismati okkar og áhuga, en algrím gerir það að verkum að slíkar tilhneingingar magnast upp á máta sem ekki hefur sést áður.¹⁰²

Staðfestingavillan (e. *confirmation bias*) sem rís af þeirri þörf að sækja í upplýsingar sem styðja við hugmyndir okkar og hugmyndaheim í stað þess að hlusta á andstæð sjónarmið er sérstaklega hættuleg og ýtir undir ofstæki og samfélagslegan og pólitískan klofning. Á samfélagsmiðlum er talið að bergmálshellarnir takmarki aðgang að ólíkum viðhorfum og styrki fyrirframmótaðar sögur og hugmyndafræði.¹⁰³ Allt ýtir þetta svo undir aðskilnaðartilfinninguna, þörfina fyrir að stilla veruleika okkar upp á þann hátt að það séu *við* andspænis *þeim* og samlíðan okkar er jafnan mest með þeim sem standa okkur næst.

Olga M. Klimecki, „Empathy and Compassion“, *Current Biology* 24: 18/2014, bls. 1–4.

¹⁰² Matteo Cinelli, Gianmarco De Francisci Morales, Alessandro Galeazzi, Walter Quattrociocchi, Michele Starnini, „The echo chamber effect on social media“, *PNAS* 118: 9/2021, e2023301118.

¹⁰³ Sjá Pablo Barberá, John T. Jost, Jonathan Nagler, Joshua A. Tucker og Richard Bonneau, „Tweeting From Left to Right. It Online Political Communication More than an Echo Chamber?“, *Psychological Science*, 21. ágúst, 2015, bls. 1–12, doi:10.1177/0956797615594620, hér bls. 2 og 9–10, sótt 21. júlí 2022 af <https://cite-seerx.ist.psu.edu/viewdoc/download?doi=10.1.1.715.7520&rep=rep1&type=pdf/>.

Líklega hafa fáir orðað þetta skýrar en bandaríska skáldið Emily Dickinson sem orti: „Sálin velur sinn Vinskap – / dregur sig þvínæst í Hlé – / til heilags Meirihluta – / nægileg –“.¹⁰⁴

Lokaorð

Af ofangreindri umfjöllum má vera ljóst að ýmsar hættur felast í þeirri tilhneigingu mannskepnunnar að binda sig við stærri einingar, að hugsa, finna til og mynda sér skoðanir með tilliti til þess hóps sem hún telur sig tilheyrja. Við hugsum um *okkur* andspænis *þeim*.

Paul Bloom sem hefur rannsakað siðferðiskennd með því að skoða unga börn segir að okkur sé eðlislægt að láta okkur standa á sama um og vera jafnvel illa við ókunnuga. Við höfum ríkar tilhneigingar til þröngsýni og fordóma. Hafa beri í huga að siðferði sé lífræðileg þróun sem hefur að einhverju leyti mótast vegna þarfar og langana til þess að refsa þeim sem við lítum á sem vonða.¹⁰⁵ Mikilvægt er því að skoða hlutverk samlíðunar með hliðsjón af siðferði. Eitt hlutverk hennar er að hvetja okkur til þess að þykja vænt um aðra, hún getur því leitt til samúðar og óeigingirni. En tengingin á milli samlíðunar og samúðar er þó flókin. Þrátt fyrir að samlíðan geti verið ósjálfráð og ómeðvituð þá veljum við oft hvort við finnum til samlíðunar með öðrum. Samlíðan getur því verið afraksturinn af siðferðilegu vali okkar, en hún býr ekki til siðferðilegt val. Það sem hefur áhrif á samlíðanina er hvað okkur finnst um manneskjuna.¹⁰⁶

Bloom leggur áherslu á að við finnum fyrst og fremst fyrir samlíðan og samúð með nánnum vinum okkar og fjölskyldu og að rannsóknir sýni að náttúruleg viðbrögð okkar gagnvart ókunnugum einkennist ekki af samúð

¹⁰⁴ Emily Dickinson, *Berhöfða líf. Ljóðaúrval*, Magnús Sigurðsson þýddi, Reykjavík: Dimma, 2020, bls. 117. Línurnar eru þannig á frummálinu: „The soul selects its own society – / Then shuts the door – / To her divine Majority — / Present no more —“.

¹⁰⁵ Paul Bloom, *Just Babies. The Origins of Good and Evil*, bls. 5–11. Spurningar um eðli siðferðis eru vitaskuld hugleiknar í siðfræði og meðal annars er spurt hvernig siðferðileg dómgreind og siðferðisreglur séu skilgreindar. eru tilfinningar og skynsemi til dæmis leiðarvísir okkar þegar kemur að siðferðilegum álitamálum? Fræg eru orð Hume sem sagði að skynsemin væri þræll ástríðna okkar. Jennifer Nado og fleiri ræða ýmsar skilgreiningar á siðferðilegri dómgreind í grein sinni „Moral Judgment“, *The Routledge Companion to Philosophy of Psychology*, ritstjórar John Symons og Paco Calvo, London/New York: Routledge, 2009, bls. 621–633, hér bls. 621.

¹⁰⁶ Paul Bloom, *Just Babies. The Origins of Good and Evil*, bls. 43–44.

heldur miklu frekar ótta, viðbjóði og hatri. Kynþáttahatur megi þannig útskýra á þann hátt að við veljum það sem við könnumst við og fer þá saman við rannsóknir sem sýna að börn velja þá sem eru líkir þeim sjálfum og tala sama tungumál, fram yfir það sem er framandi og ókunnugt.¹⁰⁷ En þótt kynþættir séu leið til þess að mynda hópa þar sem einstaklingar af sama litarhætti deila sjálfsmynd getur margt fleira bundið fólk saman í bandalög og fylkingar eða félög og það þarf ekki að rista djúpt. Hugsunarhátturinn „við andspænis þeim“ myndast á auðveldan hátt og um leið getur skapast andúð á þeim sem tilheyra öðrum hópum¹⁰⁸ og þannig ýtt undir klofning, fordóma og hatur, eða jafnvel alls kyns ófögnuð og óhæfuverk.

Í því samhengi má nefna kenningar bandaríska félagsálfræðingsins Roy F. Baumeister sem segir í bók sinni *Evil. Inside Human Violence and Cruelty* að þegar komi að grimmdarverkum þá hafi fólk mikla tilhneigingu til þess að mynda hópa og horfa neikvæðum augum á aðra hópa sem þeir eru í samkeppni við. Þegar einstaklingar trúa því að réttindi þeirra hafi verið brotin og stolt hópsins verið sært þá bregðast þeir oft við með ofbeldi sem fer yfir öll mörk. Hópamyndun er mikilvægur hluti af félagslegu lífi og nauðsynleg til þess að lifa af en henni tilheyrir líka tilhneiging til fjandskapar.¹⁰⁹ Þrátt fyrir að illska sé aðallega til í hugum þolendanna þá er ekki einungis hægt að treysta á vitnisburð þeirra til að útskýra eða skilja illsku. Gerendur eru oft venjulegar, velmeinandi manneskjur með sínar ástæður, rökfærslur og réttlætningar fyrir því sem þeir gera. Fæstir sjá sínar eigin gjörðir sem illar jafnvel þrátt fyrir að aðrir sjái þær sem yfirmáta illar. Yfirleitt er það þannig að þolendur telja sig sjá skýran greinarmun á réttu og röngu og á meðan gerendur sjá risastórt grátt svæði.¹¹⁰

Af þessu má vera ljóst að það er vandkvæðum bundið að setja samlíðan fram sem einfalda lausn sem eigi að koma í veg fyrir grimmd eða óhæfuverk. Sama sem merkið milli samlíðunar og félagslegra framfara er einfaldlega rangt. Samlíðan getur þvert á móti leitt til þess að við afsökum fólkskuþröggð, finnum réttlætningar fyrir að leggja í einelti og verðum mótækilegri fyrir hættulegum leiðtogum sem vilja stýra gjörðum okkar, hugsunum og hugmyndum með því að höfða til tilfinningalífs hópsins á ofsafenginn hátt.

¹⁰⁷ Sama heimild, bls. 102–106.

¹⁰⁸ Sama heimild, bls. 112–115.

¹⁰⁹ Roy F. Baumeister, *Evil. Inside Human Violence and Cruelty*, New York: W.H. Freeman and Company, 1997, bls. 27.

¹¹⁰ Sama heimild, bls. 38–40.

ÁGRIP

Hér er fjallað um víðtæk áhrif samlíðunar og möguleikann á því að hún hafi neikvæðar afleiðingar, sé notuð sem stýringartæki af leiðtogum, sem leið til þess að ná völdum þeirra eða yfirráðum. Samlíðan er sterkt sameiningarafl og hefur áhrif á hópamyndanir. Með henni er hægt að draga fram ýmsar tilfinningar eins og vænisýki, reiði, ótta og móðursýki og það geta valdamiklir einstaklingar notafært sér. Í greininni eru tekin tvö dæmi sem eiga að sýna hvernig samlíðan sé ekki tæki sem, ólíkt því sem gjarnan er talið, leiði til aukins siðferðisskilnings eða sé móttandi fyrir gæsku og góðvild okkar. Samlíðan geti þvert á móti leitt til sundrunar og þess að hópar fari að draga sig saman, sjá sig sem hluta af *okkur* sem er innhópurinn, andspænis *öðrum* sem standa fyrir utan. Fyrrum forseti Bandaríkjanna Donald Trump er í þessum skilning samlíðunarmeistari og notar samlíðan með klækjabrögðum til þess að skapa ótta og bræði meðal þegna samfélagsins. Annað dæmi sem notað er til að varpa ljósi á það hvernig samlíðan bindur hópa saman er að skoða ólíkar viðtökur á smánun og andlegu ofbeldi á tveimur fötluðum konum, femínistanum og aðgerðarsinnanum Freyju Haraldsdóttur annars vegar og hins vegar Sunnu Elviru Porkelsdóttur.

Lykilorð: Samlíðan, hópamyndun, Donald Trump, Klaustur bar, Freyja Haraldsdóttir, Sunna Elvira Porkelsdóttir.

ABSTRACT

„I hear you“. Empathy as political and social control.

In this thesis empathy is examined as a tool for governing the citizens, bringing leaders power and authority, creating hysteria in groups, and evoking feelings like paranoia, anger, and fear, which can increase violence in societies, bullying, and shaming. Two examples are given that are meant to show that empathy does not lead to conclusions that are ethical or moral but can, unlike what often is thought, be used to separate different social groups, creating *us* versus *them*, and this feeling of togetherness forms their care for the members of the ingroup and dislike for those who are outsiders. Former president Donald Trump is in this sense a master of empathy since he uses it in a machiavellian way to create fear and fury among American citizens. Another example of empathy that binds groups together is taken by looking at different receptions of two disabled Icelandic women, Freyja Haraldsdóttir an

activist and a feminist, and Sunna Elvira Þorkelsdóttir who both were victims of shaming and psychological violence in the public realm.

Keywords: Empathy, group formation, Donald Trump, Klaustur bar, Freyja Haraldsdóttir, Sunna Elvira Þorkelsdóttir.

ALDA BJÖRK VALDIMARSDÓTTIR

prófessor í almennri bókmenntafræði

Íslensku- og menningardeild

Hugvísindasvið

alda@hi.is

